Upptök: Hæð yfir sjó: 1140 m Breidd: 100 m

Þykkt brotlínu: Meðaltal: 0.5 m Mest: 1 m

Orsök: Skíðamaður. Flóðið féll þegar skíðamaður renndi sér SA eftir fjallshrygg.
SV-vísandi hlíð.

Tunga: Hæð yfir sjó: 1010 m

Rann um 400 m.

Númer: 53677 **Tegund:** Vott flekahlaup

Staðsetning: Reistarárskarð

Tími: 8/9.5.2016

Skýrslu skráði: Sveinn Brynjólfsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Ljósmynd/ir.

Heimildir: Sveinn Brynjólfsson. Myndaði flóðið 9.5.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Upptök: Hæð yfir sjó: 640 m

Neðantil í fjallsöxlinni í jaðri klettabeltis.

Tunga: Hæð yfir sjó: 540 m

Þykkt: Meðaltal: 0.8 m

Meðalbreidd: 40 m

Í brekkurótum.

Athugasemdir: Gætu verið lausaflóð úr allri hlíðinni sem mynda þessa stóru tungu.

Númer: 53698 **Tegund:** Vott flekahlaup

Staðsetning: Hvammsfjall. Annað gil utan við Hvammsskarð.

Tími: 12/13.5.2016

Skýrslu skráði: Sveinn Brynjólfsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Ljósmynd/ir.

Heimildir: Sveinn Brynjólfsson. Myndaði flóðið 14.5.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Upptök: Hæð yfir sjó: 700 m Breidd: 80 m

Þykkt brotlínu: Meðaltal: 0.5 m

Nokkru neðan við fjallsbrún og klettabelti, í hvilft sem safnar talsverðum snjó.

Tunga: Hæð yfir sjó: 540 m

Þykkt: Meðaltal: 0.5 m

Meðalbreidd: 90 m

Á aurkeilu.

Veður: Væntanlega sólbráð.

Númer: 53702 **Tegund:** Vott flekahlaup

Staðsetning: Hvammsfjall. Ofan Skriðulands.

Tími: 12–19.5.2016

Skýrslu skráði: Sveinn Brynjólfsson **Teg. skýrslu:** 10 **Útlína:** Örugg **Fylgigögn:** Ljósmynd/ir.

Heimildir: Sveinn Brynjólfsson. Myndaði flóðið 19.5.

Lýsing: Stærðarfl.: 2

Upptök: Hæð yfir sjó: 810 m Breidd: 60 m

Þykkt brotlínu: Meðaltal: 5 m

V-laga brotstál upp undir fjallsbrún sem er þarna í um 820 m hæð.

Veður: Næturfrost og hæglætis veður, nokkuð sólríkt.

D.6 Annáll skriðufalla

Veðuraðdragandi skriðufalla sem skráð eru í hrinu skv. listanum í viðauka D.4 er ekki skráður með hverri skriðu fyrir sig, heldur er það eingöngu gert þar sem um er að ræða stakar skriður.

Númer: 10216 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Myrkárdalur, norðanv. Myrkárdalur (bærinn).

Tími: um 995

Skýrslu skráði: Halldór G. Pétursson **Útlína:** Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2008. Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi.

Tjón: Hluti húsa eyddist.

Athugasemdir: Í Víga-Glúmssögu segir að Víga-Glúmur hafi búið tvo vetur í Myrkárdal, en þá hafi skriða fallið við bæinn og tekið sum bæjarhúsin. Telja menn að þetta skriðufall hafi orðið um 995 eða á því árabili, en ekki er ólíklegt að þessi skriða hafi verið mjög moldarrík aurskriða eða jafnvel hreinræktuð jarðvegsskriða. Það er alls ekki ljóst, nákvæmlega hvar svonefndur Glúmsbær stóð nema hvað að menn telja að hann hafi verið í dalsmynninu, einhvers staðar í nágrenni við síðasta bæjarstaði. Í nágrenni Myrkárdalsbæjarins, sem fór í eyði 1955, má greina mörg, misstór og misgömul ummerki um skriðuföll og allsendis óljóst hver af þeim eru eftir skriðuna frá 995. Þarna féll líka önnur skriða árið 1337, sem eyddi þáverandi bæ í Myrkárdal. Hvar nákvæmlega sá bær stóð er líka óljóst og hér er því greinilega mikil óvissa um allar staðsetningar og því ekki rétt að draga miklar ályktanir.

Hvað snertir Glúmsbæ getur fornleifaskrá frá 2008 um tvo mögulega staði, annars vegar í Myrkárdalstúni, á svonefndum Kofavelli um 75 m utan við síðasta Myrkárdalsbæinn. Þar eru talsvert miklar tóttarleifar sem minna meira á bæjarrústir en útihús. Greinilegar og grónar skriður eru víða í túninu, m.a. hér við tóttarleifarnar og héra því líklega kominn sá staður þar sem Brynjólfur Jónsson frá Minna-Núpi taldi sig sjá rústabrot skaga út undan stórri, gamalli og uppgróinni skriðu í byrjun 20. aldar. Taldi hann að hér hefði Glúmsbær staðið. Hins vegar eru tóttir sem mögulega gætu verið af öðrum bæ, við svonefndan Kerlingarstekk sem er um 280 m utan og neðan við síðasta Myrkárdalsbæinn. Þarna eru nokkur ummerki eftir skriðuföll en tóttin er í hvammi sem afmarkast annars vegar af melhólum og hins vegar af skriðuummerkjum.

Númer: 16139 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Staðartunguháls. Skuggi.

Tími: Rétt fyrir 1104

Skýrslu skráði: Halldór G. Pétursson **Teg. skýrslu:** 10

Heimildir: Harrison og Roberts 2014. Skuggi and Staðartunga excavations report.

Tjón: Víkingaraldarskáli skemmdist.

Athugasemdir: Við fornleifauppgröft árið 2013 á rústum eyðibýlisins Skugga í Staðartunguhálsi kom í ljós að skriða hefur til forna fallið yfir hluta af víkingaaldarbyggingu. Þetta gerðist skömmu áður en askan frá Heklugosinu 1104 féll á svæðinu. Þetta skriðufall hefur sennilega orðið til þess að hætt var að nota þessa byggingu. Nokkru seinna féll önnur skriða yfir sama svæði.

Númer: 16140 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Staðartunguháls. Skuggi.

Tími: Á milli 1104 og 1300

Skýrslu skráði: Halldór G. Pétursson **Teg. skýrslu:** 10

Heimildir: Harrison og Roberts 2014. Skuggi and Staðartunga excavations report.

Athugasemdir: Einhvern tíma á tímabilinu milli þess að öskulögin frá Heklugosunum 1104 og 1300 féllu á Hörgárdalssvæðinu, féll önnur skriða yfir rústir af víkingaaldarbyggingu sem tengist eyðibýlinu Skugga í Staðartunguhálsi. Eldra skriðufall á sama svæði hefur sennilega orðið til að hætt var að nota þessa byggingu. Þetta kom í ljós við fornleifauppgröft árið 2013.

Númer: 10215 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Myrkárdalur, norðanv. Myrkárdalur (bærinn).

Tími: 1337

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2008. Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi.

Fólk sem lenti í flóðinu: Látnir: 7

Tjón: Eyddi bæ.

Athugasemdir: Fornir annálar geta þess að árið 1337 hafi grjótskriða hlaupið á bæ norður í Myrkárdal og þar látist 7 menn. Ekki er ljóst hvar þessi bær stóð en flestir sem um þessi mál hafa fjallað virðast á því að hér hafi verið um annað bæjarstæði að ræða en þar sem Glúmsbær (bærinn frá 995) stóð og telja sumir að þessi bær hafi staðið talsvert utar en síðasti Myrkárdalsbær (í eyði síðan 1955). Í hlíðum Myrkárfjalls við mynni Myrkárdals eru nokkur lítil berghlaup sem sum virðast nokkuð unleg. Hugsanlega gæti þessi grjótskriða hafa tengst myndun einhverra þeirra eða einhvers konar seinni tíma hreyfingum á þeim. Grjótskriðan gæti þó allt eins hafa fallið úr einhverjum af gilskorningunum sem leynast í hlíðinni.

Fornleifaskrá frá 2008 getur um tvö forn bæjarstæði í Myrkárdal sem skriður hafa líklega spillt. Annars vegar við Kofavelli, um 75 m utan við síðasta Myrkárdalsbæ og við Kerlingarstekk, um 280 utan og neðan við hann. Ef lagt er mikið upp úr orðalaginu um grjótskriðu þá virðast aðstæður við Kerlingarstekk passa betur. Svo má náttúrulega vel vera að skriðan sem féll á bæinn hafi verið svo stór að hún hafi gjöreytt honum og grafið hann í urð. Bærinn hafi jafnvel staðið allt annars staðar en fornleifar benda til.

Númer: 10198 **Tegund:** Jarðvegsskriða **Hrina:** 10026

Staðsetning: Lönguhlíðarfjall. Skriða.

Tími: 17.11.1390

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Fólk sem lenti í flóðinu: Látnir: 16, slasaðir: 0, ómeiddir: 0, heima: 2. Alls: 18

Tjón: Skriðan tók bæjarhúsið og kirkjuna.

Athugasemdir: Í upphafi er rétt að geta þess að á þessum tíma hét þessi jörð Langahlíð og oft nefnd Langahlíð ytri eða neðri til aðgreiningar frá Lönguhlíð fremri eða efri, sem er næsta jörð hér sunnan við. Á þessum tíma var þessi bær eitt af helstu höfðingjasetrum á Norðurlandi en eftir að þeir atburðir urðu, sem hér er greint frá hefur þessi jörð almennt verið nefnd Skriða.

Í Flateyjarannál segir svo um haustið 1390: Regn svo mikil um haustið að úr hófi gekk eftir Marteinsmessu (11. nóv.). Vatnavextir svo miklir að enginn mundi slíka. Hlupu skriður nær um allt land svo að ónýttust bæði skógar, engjar, töður og úthagar. Tók skriða allan mannbæinn í Lönguhlíð svo og kirkjuna. létust þar 16 menn, en undan komust konur tvær og karlmaður er fóru í fjós, en lífs fundust piltar tveir í skriðunni eftir um morguninn. Þar inni voru Rafn Bótólfs-son, lögmaður og Ingibjörg Þorsteinsdóttir, kona hans og börn þeirra tvö, Þorsteinn kusi og aðrir heimamenn. Fannst húsfrúin þegar um morguninn, liggur hún í kirkju á Möðruvöllum. . . Fannst nær ekkert af góssi og leitaði meir en hundrað manna. Tók þar og naut og nokkuð af heyjum. Urðu þessi tíðindi fimmta dags kveldið eftir dagsetur (17. nóv.) fyrir Klemensmessu. Stóðu þessir bæir (Langahlíð og Búðarnes, sem skriða tók sömu nótt) í Hörgárdal.

Þarna hefur greinilega verið á ferðinni stór og mikil jarðvegsskriða sem fallið hefur af miklum krafti á bæinn og kirkjuna og sópað þeim í burtu, jafnvel alla leiðina niður í Hörgá sem þessa nótt hlýtur að hafa verið í foráttuvesti. Það að hve lítið fannst af munum í skriðunni, þrátt fyrir mikla og mannarga leit og að lík lögmansins fannst ekki fyrr en árið eftir, styður þessa ályktun. Samkvæmt fornum munnmælum í Skriðu stóð Lönguhlíðarbærinn fyrir skriðufallið í heimatúninu á Skriðu, ekki svo langt innan við núverandi útihús. Í dag stendur stór steinn í túninu þar sem bærinn á að hafa verið. Nýleg frumkönnun á fornleifum á þessum stað gat ekki skorið úr hvort þarna leyndist forna bæjarstæðið en ýmis sterk rök benda til þess að svo hafi ekki verið. Helst er það að ekki er hægt að greina nein ummerki um skriðföll, eins og skriðuör, þarna í fjallinu beint ofan við Skriðu. Þar er fjallshlíðin lág, allstaðar velgróin og ekki nein ör í jarðvegsþekjunni. Þaðan er ekki að sjá að neinar skriður hafi fallið þótt ýmsir, eins og t.d. Ólafur Jónsson hafi talið sig sjá ummerki um slíkt. Þetta breytist þó fljótt til suðurs og strax og komið er inn fyrir heimatúnið á bænum verða forn og ný skriðuör áberandi í hlíðinni. Flest eru þau skriðuör tiltölulega máð og ógreinileg og því talin forn. Þegar þau eru skoðuð nánar kemur í ljós að þetta eru ummerki um mjög stór skriðuföll sem orðið hafa á þann hátt að stórir jarðvegsflákar hafa sópast utan af hlíðinni niður og borist niður á láglandi. Má þessa víða sjá merki meðfram veginum undir hlíðinni, því þar er jarðvegur allur úr lagi færður og hreyfður. Verður ekki betur séð en hver stórskriðan á fætur annarri hafi fallið úr Lönguhlíðarfjalli alla leiðina frá því rétt fyrir innan túnið á Skriðu, inn fyrir Lönguhlíð og jafnvel enn lengra inneftir. Mjög sennilega eru þetta ummerki um skriðuföllin miklu í nóvember 1390.

Á meðan ekki hefur farið fram ýtarleg fornleifakönnun á Skriðu er þó ekki rétt að vísa algerleg á bug hinum fornu munnmælum um bæjarstaðsetninguna. Rétt er hugsanlegt að þangað hafi borist skriðuálma úr skriðu sem fallið hefur rétt sunnan við heimatúnið. Það er reyndar ekkert sérstaklega líklegt því þá þarf skriðan að hafa tekið skyndilega upp á því að falla út með fjallinu í stað þess

að fara beinustu leið niður, eins og þær yfirleitt gera. Landslag á þessum slóðum bendir hvorki til þess að þetta sé eðlileg eða auðveld rennislísið en samt skal ekki alveg útiloka að hliðarálma frá stórrí skriðu sunnan við túnið geti á einhvern hátt borist á þennan stað. Ef slíkt ætti sér stað þá er viðbúið að þegar þangað væri komið hefði mjög verið dregið úr krafti skriðunnar og því gæti hún vart hafa gjöreytt bæjarhúsum og kirkju sem þarna hefðu staðið. Miðað við lýsingar í annálum á skriðufallinu var þarna á ferðinni stór jarðvegsskriða sem féll beint á byggingarnar, gjöreyddi þeim og jafnaði við jörðu.

Af framansögðu er greinilegt að staðsetning bæjarins á þessum tíma er nokkuð á reiki. Vel má vera að hann hafi staðið rétt innan við heimatúnið á Skriðu, beint neðan við það að ystu skriðuörin sjást í Lönguhlíðarfjalli. Í desember 2006 féll á þeim slóðum, ekkert sérstaklega stór skriða sem þó hefði dugað til að vinna talsverð spjöll á byggingum dagsins í dags, hvað þá torfhúsum fortíðarinnar. Þá er alls ekkert óhugsandi að bærinn hafi jafnvel staðið einhvers staðar innar undir Lönguhlíðarfjalli nóg er þar af skriðuörum eftir fornar jarðvegsskriður sem dugað hefðu til að gjöreyða Lönguhlíðarbænum forna.

Númer: 10228 **Tegund:** Jarðvegsskriða **Hrina:** 10026

Staðsetning: Staðartunguháls. Búðarnes.

Tími: 17.11.1390

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2008. Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi.

Fólk sem lenti í flóðinu: Látnir: 12, slasaðir: 0, ómeiddir: 0, heima: 1. Alls: 13

Tjón: Eyddi bænum.

Athugasemdir: Í Flateyjarannál segir svo um haustið 1390: Regn svo mikil um haustið að úr hófi gekk eftir Marteinsmessu (11. nóv.). Vatnavextir svo miklir að enginn mundi slíka. Hlupu skriður nær um allt land svo að ónýttust bæði skógar, engjar, töður og úthagar. Tók og bæ í Búðarnesi og önduðust 12 menn, en einn lifði í húsbrotunum og hafði heitið á Þórð Jónsson. Urðu þessi tíðindi fimmta dags kveldið eftir dagsetur (17. nóv.) fyrir Klemensmessu.

Beint ofan við Búðarnesbæinn, og efsta túnið umhverfis hann, eru þrjú ógreinileg og hálfuppgróin skriðuör en ofan við fjárhúsin á bænum, sem standa aðeins innar, er samskonar skriðuör og heldur breiðara en hin. Örin ofan við Búðarnes eru greinilegust í neðri hluta fjallshlíðarinnar en ekki er eins auðvelt að rekja þau upp eftir fjallinu. Um aldur þeirra er ekkert öruggt vitað en miðað við útlit annarra fornra skriðuöra á Hörgárdalssvæðin er freistandi að telja að þarna séu komin ummerki skriðufallanna haustið 1390.

Munnmæli í Hörgárdal segja að bærinn á Búðarnesi, sem skriðan tók haustið 1390 og 12 manns fórust í, hafi staðið á svipuðum slóðum og núverandi fjárhús. Ekki hefur tekist að staðfesta þetta, t.d. með fornleifarannsóknnum, en ef þetta er rétt þá hefur sú jarðvegsskriða bæði verið breið og efnismikil.

Númer: 16134 **Tegund:** Jarðvegsskriða

Staðsetning: Myrkárdalur, norðanv. Stóragerði.

Tími: fyrir 1500

Heimildir: Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2008. Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi.

Athugasemdir: Stóragerði stóð um 730 m innan við bæjarstæði í Myrkárdal. Það hefur ýmist verið í eyði eða byggð í gegnum aldirnar. Greinilegar tóttir eru eftir síðasta bæinn sem fór í eyði 1942. Þær standa á uppgróinni skriðu sem greinilega hefur fallið einhvern tíma á fyrri öldum á þessu svæði, sennilega fyrir 1500 og líklega lagt kotið í eyði.

Númer: 16135 **Tegund:** Jarðvegsskriða

Staðsetning: Myrkárdalur, norðanv. Hraungerði.

Tími: fyrir 1500

Skráning: Teg. skýrslu: 10

Heimildir: Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2008. Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi.

Athugasemdir: Fornbýlið Hraungerði stóð um 900 m innan við Myrkárdalsbæ. Þar sjást tóttir en greinilega hefur töluvert af skriðum fallið niður hlíðina til forna og sennilega lagt kotið í eyði.

Númer: 10218 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Hörgárdalur, framdalur, austanv. Grjótá.

Tími: fyrir 1500

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Byggðir Eyjafjarðar (1. útg.) 1972.

Athugasemdir: Allt land fyrir utan Grjótána er mjög skriðufallið. Fyrr á öldum hefur hver stórskriðan af annarri fallið úr fjallinu. Gamlar rústir, sem þar kunna að hafa verið, eru því huldar undir framhlaupunum. Því má ætla að bærinn Grjótá hafi farið í skriðu, og það svo algerlega að þar sjáist ekkert eftir þó að þess sé hvergi getið.

Númer: 10229 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Staðartunguháls. Saurbæjarsel.

Tími: fyrir 1500

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2008. Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi.

Tjón: Hugsanlega eytt túni og bæjum.

Athugasemdir: Saurbæjarsel stóð á svonefndum Grundum, gegnt Saurbæ, um 3,1 km innan við Staðartungu. Fornminjar og munnmæli benda til þess að þar hafi staðið fornbyli sem skriður hafi fallið yfir og grafið að hluta, en seinna var byggt sel á forna bæjarstæðinu. Í fjallshlíðinni ofan við er mikið af gömlum skriðuörum. Útlitslega séð svipar þeim til skriðuöranna í hlíðinni ofan við Búðarnes sem talin eru frá 1390. Hugsanlega hafa skriður tekið bæinn sem stóð þar sem Saurbæjarsel var seinna í þeim hamförum sem gengu yfir Hörgárdal það haustið. Vel má þó vera að það hafi gerst eitthvert annað skipti, því varla voru skriðuföllin 1390 einu skriðurnar sem féllu í Hörgárdal til forna.

Númer: 10230 **Tegund:** Jarðvegsskriða

Staðsetning: Staðartunguháls. Sandhólar.

Tími: fyrir 1500

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2008. Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi.

Tjón: Bærinn eyðst.

Athugasemdir: Tvö eða þrjú býli hafa verið sunnan bæjar (Staðartungu) og er eins þeirra getið í Jarða-bók ÁM og sagt, að það hafi staðið í Skriðum og heitið Sandhólar. Svarar þetta til svæðisins suður við merkin og mun bærinn hafa farið undir jarðfall. Býlið Sandhólar er um 4 km suðvestan við bæ í Staðartungu. Sjálfir Sandhólarnir eru á merkjum Staðartungu og Búðarness og er býlið fast utan þeirra. Tóftirnar eru í grasi gróinni hlíð í halla til norðvestur að Hörgá. Á þessum stað eru þrjár fornlegar tóftir.

— — — — —

Númer: 16131 **Tegund:** Jarðvegsskriða

Staðsetning: Lönguhlíðarfjall. Langahlíð (Gamlibær).

Tími: fyrir 1600

Skýrslu skráði: Halldór G. Pétursson

Heimildir: Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit.

Tjón: Bærinn hefur mjög sennilega eyðst.

Athugasemdir: Örnefnaskrá Skriðuhrepps getur um tvö örnefni í landi Lönguhlíðar sem tengjast skriðuföllum. Annars vegar er það Gamlibær, dálítill hóll innan við túnið á bænum og hins vegar Bæjarskriða, grasivaxinn grundarhryggur, sem nokkuð erfitt er að staðsetja en viðist þó vera upp af fyrr nefnda örnefninu eða á þeim slóðum. Nokkrar vangaveltur eru í Örnefnaskránni um að Gamlibær sé sá Lönguhlíðarbær sem skriðan tók árið 1795, en það er ekki rétt því sá bær stóð nánast á bæjarhlaði núverandi bæjar. Þegar rýnt er í fjallshlíðina innan við Lönguhlíð kemur í ljós fornt og breitt skriðuör en undir því miðju, um 300–400 m innan við núverandi bæjarhús er örnefnið Gamlibær. Þetta skriðuör er ummerki um mjög stóra jarðvegsskriðu sem átt hefur sér upptök alveg upp undir fjallsbrún og stórar ruðningsdyngjur eftir hana eru greinilegar í fjallsrótum. Ekki er þó ljóst af Örnefnaskrá um hverja af þeim skriðudyngjum örnefnið Bæjarskriða á við. Skriðuörið er heldur greinilegra en þau ör í Lönguhlíðarfjalli sem talin eru frá árinu 1390 og hugsanlega er það því aðeins yngra. Ef til vill leynist í örnefninu Gamlibær eitthvað meira en þjóðsaga en rétt er þó að geta þess að ekki fundust neinar rústir þarna við fornleifaskráningu fyrir nokkrum árum. Þess ber þó að geta að þessi skriða hefur verið það stór að væntanlega hefðu varðveist lítil ummerki um þær byggingar sem hún hefði lent á.

— — — — —

Númer: 16136 **Tegund:** Jarðvegsskriða

Staðsetning: Myrkárfjall. Íragerði.

Tími: fyrir 1600

Skráning: Teg. skýrslu: 10

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2008. Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi.

Tjón: Skriður eyða bæjarstæði.

Athugasemdir: Íragerði var kot eða smábýli frá Myrká og stóð undir Myrkárfjalli um 1,1 km utan við Myrká. Það er sagt hafa eyðst í skriðufalli. Tóttarbrot eru þar en hús og garðar hafa þar greinilega farið undir skriðu.

Númer: 10224 **Tegund:** Jarðvegsskriða

Staðsetning: Drangafjall. Glaumbær.

Tími: fyrir 1600

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2008. Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi.

Tjón: Túnið eyðilagst, hugsanlega tekið bæ.

Athugasemdir: Á norðurmerkjum Einhamars er miðhlíðis tvöföld klettasylla, sem heitir Smjörskleið. Neðan undir henni stóð fyrrum býli, er hét Glaumbær. Eyddist það í skriðuhlaupi úr Tindaskeið.

Skammt út og upp frá Einhamri eru rústir af eyðibýli sem Glaumbær hét. Túnið hefur farið í skriðu einhvern tíma fyrir á öldum og býlið eyðst en hvenær það var veit enginn. Glaumbær hefur verið um 530 m utan og ofan við bæinn á Einhamri en ekki alveg út undir merkjum eins og örnefnalýsing gefur til kynna. Þar sem bærinn stóð er nú mýri með grónum skriðum inn á milli. Hartnær engin ummerki sjást nú um býlið. Þó má á einum stað á þessum slóðum sjá glitta í mjög óljósar þústir undir gróinni skriðu og er hér gert ráð fyrir að þar séu fundin ummerki um býlið þótt erfitt sé um það að fullyrða.

Númer: 10260 **Tegund:** Skriða

Staðsetning: Landafjall. Steinsstaðir (Gamlibær).

Tími: fyrir 1600

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2008. Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi.

Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Öxnadalshrepps, handrit.

Tjón: Bær fluttur vegna skriðuhættu.

Athugasemdir: Norður frá Steinsstaðabæ miðja vega að túngarði gamla túnsins, er hæð, sem heitir Gamlibær. Þar neðan við Gamlatún. Mun bærinn fyrrum hafa staðið þarna ytra, en sennilega verið þaðan fluttur vegna skriðuhættu. Þessi staður er um 80 m utan við núverandi bæ og 10–15 m ofan við útihús sem þarna stendur. Gróinn farvegur er í fjallinu ofan við þetta sem vel getur leitt skriður og snjóflóð niður að þessum stað.

Númer: 15924 **Tegund:** Skriða

Staðsetning: Myrkárdalur, norðanv. Myrkársel eldra.

Tími: um 1625

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2008. Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi.

Tjón: Skriða eyðir Myrkárseli eldra.

Athugasemdir: Myrkársel eldra stóð fram í Myrkárdal um 5,6 km frá Myrká. Þar var haft í seli fram til um 1625 þegar svonefnd Selskriða féll úr Selskriðuskál og eyddi því. Var það þá fært utar í dalinn. Á þessum slóðum eru líka örnefnin Nýjaskriða og Nýjuskriðuskál en enginn veit nú lengur hvenær þau skriðuföll urðu.

Númer: 10177 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Hörgárdalur, ytri hl. vestanv. Illagilsdalur á Þorvaldsdal.

Tími: fyrir 1700

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Ferðabók Olavíusar 1775–1777.

Tjón: Eyddi bæjum (eða landi þeirra).

Athugasemdir: Ferðabók Olavíusar segir að kotið Illagilsdalur á afrétti Hörgdæla á Þorvaldsdal vestanverðum hafi eyðst af skriðuhlaupum.

Númer: 16133 **Tegund:** Skriða

Staðsetning: Hörgárdalur, framdalur, vestanv. Úlfárkot í Þorvaldsdal.

Tími: fyrir 1700

Skráning: Teg. skýrslu: 10

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Ferðabók Olavíusar 1775–1777.

Tjón: Skriða eyðir Úlfárkoti.

Athugasemdir: Ferðabók Olavíusar segir að Úlfárkot á afrétti Hörgdæla á Þorvaldsdal vestanverðum hafi eyðst af skriðuhlaupum.

Númer: 10272 **Tegund:** Grjóthrun

Staðsetning: Hörgárdalur, ytri hl. austanv. Vindheimar efri og neðri.

Tími: fyrir 1712

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV, Glæsibhr. 1712.

Athugasemdir: Enginu á báðum bæjunum spilla lækir hér og hvar með sands og leirs áburði, og grjóthruni úr melum.

Númer: 10180 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kötluþjall að austan. Hillur.

Tími: fyrir 1713

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV Hvammshr. 1713.

Athugasemdir: Ekki er landinu óhætt fyrir skriðum eður kvikfénaði fyrir forvöðum og djújum.

Númer: 10188 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Reistararfjall. Syðri-Reistará.

Tími: fyrir 1713

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV Hvammshr. 1713.

Tjón: Túnið spillst.

Athugasemdir: Túninu hefur grandað skriða.

Númer: 10193 **Tegund:** Jarðvegsskriða

Staðsetning: Auðbrekkufjall. Dunhagi.

Tími: fyrir 1713

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV Skriðupings. 1713.

Athugasemdir: Jarðföll eru hér mikil komin í fjallið, sem merkja má af því takmarkaða plássi, er svo er nefnt Jarðföll.

Númer: 10197 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Hörgárdalur, framdalur, vestanv. Dagverðartunga.

Tími: fyrir 1713

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV Skriðupings. 1713.

Tjón: Engin spillst.

Athugasemdir: Engjum spilla hér mjög skriður og jarðföll.

Númer: 10201 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Lönguhlíðarfjall. Öxnhóll.

Tími: fyrir 1713

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV Skriðupings. 1713.

Athugasemdir: Engjum er hér ei óhætt fyrir skriðum.

Númer: 10202 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Lönguhlíðarfjall. Uppsalar, (Öxnhóll).

Tími: fyrir 1713

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV Skriðupings. 1713.

Athugasemdir: Engjum er hér ei óhætt fyrir skriðum.

Númer: 10212 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Slembimúli. Saurbær.

Tími: fyrir 1713

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV Skriðupings. 1713.

Athugasemdir: Ekki er hér kvikfé óhætt fyrir snjóflóðum. Skriður granda og landinu árlega.

Númer: 10245 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Öxnadalur vestanv. Gil.

Tími: fyrir 1713

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV Skriðupings. 1713.

Tjón: Engi eyðst.

Athugasemdir: Engjar eru hér að miklu leyti af skriðum foreyddar.

Númer: 10239 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Bessahlaðahnjúkur. Bessahlaðir.

Tími: fyrir 1713

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV Skriðupings. 1713.

Tjón: Túni og engi skemmst.

Athugasemdir: Túni og engjum granda hér skriður merkilega, hvar fyrir jörðin sérdeilis af sér gengur.

Númer: 10241 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Varmavatnshólafjall. Varmavatnshólar.

Tími: fyrir 1713

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV Skriðupings. 1713.

Tjón: Tún og engi spillst.

Athugasemdir: Tún og engi eru hér stórlega spjallað af skriðum.

Númer: 10253 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Fagranesfjall. Fagranes.

Tími: fyrir 1713

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV Skriðupings. 1713.

Tjón: Tún og engi spillst.

Athugasemdir: Túninu hafa hér grandað skriður, og um vor í vatnavöxtum er hér ei óhætt fyrir leirlækja áhlaupum. Engjum spilla hér einnig oftast árlega skriður skaðlegar.

Númer: 10247 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Gloppufjall. Gloppa.

Tími: fyrir 1713

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV Skriðupings. 1713.

Tjón: Engjar eyddar.

Athugasemdir: Ekki heldur sýnist hún (Gloppa) byggjast kunni landbrota vegna, þar engjar allareiðu af skriðum og vatna yfirgangi foreyddar eru.

Númer: 10252 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Gloppufjall. Vaskárkot.

Tími: fyrir 1713

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV Skriðupings. 1713.

Tjón: Bær fluttur vegna skriðuhættu.

Athugasemdir: Er hér nefnt í landinu (Gloppa), ætla menn að forngildu þar muni bærinn staðið hafa, en vegna skriðuáhlaups fluttur.

Númer: 10255 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Öxnadalur, ytri hl. austanv. Pverá.

Tími: fyrir 1713

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV Skriðupings. 1713.

Athugasemdir: Túninu grandar í stórveðrum grjótfok úr nálægum melum. Engjar spillast einnig af skriðum og leirlækja áburði.

Númer: 10269 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Landafjall. Miðland.

Tími: fyrir 1713

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jarðab. ÁM og PV Skriðupings. 1713.

Athugasemdir: Túnunum og engjum er hér hætt fyrir skriðum og grjóti.

Númer: 10200 **Tegund:** Jarðvegsskriða **Hrina:** 10025

Staðsetning: Lönguhlíðarfjall. Innan við Hallfríðarstaði (syðri).

Tími: 23.9.1769

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2008. Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi.

Tjón: Skemmdir á landi.

Athugasemdir: Í annálum frá seinni hluta 18. aldar er greint frá miklum skriðuföllum í Hörgárdal, seint í september árið 1769. Ekki ber annálum alveg saman um atburðarás og útbreiðslu þessara skriðufalla en þau virðast hafa orðið þ. 23. sept. í óskaplegum rigningum sem það haustið gengu yfir Norðurland. Getið er um skriðuföll á fjórum jörðum í Hörgárdal, þ.e. Öxnhól, Uppsölum sem var kot frá Öxnhóli, Hallfríðarstöðum sem á þessum tíma voru tveir bæir, Hallfríðarstaðir syðri og Hallfríðarstaðir ytri og Hallfríðarstaðarkoti. Að auki má ráða af texta að skriður hafi fallið víðar en þess ekki getið hvar. Skriður féllu á bæjarhúsin á Öxnhóli og á Hallfríðarstöðum ytri. Í bænum á Öxnhóli fórust 3 manneskjur, húsfreyjan á Uppsölum sem þar hafði leitað skjóls og tvö börn. Annað fólk á þessum bæjum gat forðað sér en þó hafði sumt af því meiðst og lerkast. Eitthvað af búpeningi fórst í skriðuföllunum. Flestir af þessum bæjum fóru tímabundið í eyði eftir skriðuföllin en voru misfljótt byggðir upp aftur, nema Hallfríðarstaðir ytri sem aldrei voru grafnir upp úr skriðudýngjunni en land þeirra lagt undir Hallfríðarstaðakot.

Skriðuör eftir þessi skriðuföll eru enn vel greinanleg í fjallshlíðinni ofan við fyrrnefnda bæi. Allar voru þessar skriður jarðvegsskriður en upptök þeirra, sem voru neðan við stall og slakka í efri hluta fjallsins, gefa tilefni til vangaveltna um hvort snjór eða skafli hafi verið í fjallinu þegar skriðurnar féllu. Ef til vill hafa skriðuföllin orðið í hausthreti, þegar fyrst hefur snjóað mikið á ófrosna jörð og síðan hlýnað með mikilli rigningu.

Í dag standa Hallfríðarstaðir nokkur vegin á sama stað og Hallfríðarstaðir syðri stóðu áður. Þessi bær og Hallfríðarstaðakot virðast hafa farið skást út úr skriðuföllunum 1769, því nánast engin skriðuör eru sjáanleg í fjallshlíðinni beint ofan við þá og ef að þar hafa fallið einhverjar skriður þá hafa þær verið nánast spýjur miðað við annað á þessum slóðum.

Um 150 m innan við Hallfríðarstaði finnst þó um 200 m breitt skriðuör frá þessum tíma. Það gæti reyndar verið eftir tvær samhliða skriður þar sem sú innri hefur átt upptök sín við neðri brún slakkans í fjallinu í um 450 m hæði, en sú ytri aðeins ofar við klettabelti í slakkanum í um 500 m hæð. Báðar þessar skriður hafa skafið jarðveg utan af hlíðinni alveg niður í fjallsrætur og eflaust náð á sínum tíma langleiðina niður að Hörgá, jafnvel niður á Hörgáreyrar.

— — — — —

Númer: 15923 **Tegund:** Jarðvegsskriða **Hrina:** 10025

Staðsetning: Lönguhlíðarfjall. Innan Öxnhóls.

Tími: 23.9.1769

Skýrslu skráði: Halldór G. Pétursson

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2008. Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi.

Tjón: Skemmdir á landi.

Athugasemdir: Í annálum frá seinni hluta 18. aldar er greint frá miklum skriðuföllum í Hörgárdal, seint í september árið 1769. Ekki ber annálum alveg saman um atburðarás og útbreiðslu þessara skriðufalla en þau virðast hafa orðið þ. 23. sept. í óskaplegum rigningum sem það haustið gengu yfir Norðurland. Getið er um skriðuföll á fjórum jörðum í Hörgárdal, þ.e. Öxnhól, Uppsölum sem var kot frá Öxnhóli, Hallfríðarstöðum sem á þessum tíma voru tveir bæir, Hallfríðarstaðir syðri og Hallfríðarstaðir ytri og Hallfríðarstaðarkoti. Að auki má ráða af texta að skriður hafi fallið víðar en þess ekki getið hvar. Skriður féllu á bæjarhúsin á Öxnhóli og á Hallfríðarstöðum ytri. Í bænum á Öxnhóli fórust 3 manneskjur, húsfreyjan á Uppsölum sem þar hafði leitað skjóls og tvö börn. Annað fólk á þessum bæjum gat forðað sér en þó hafði sumt af því meiðst og lerkast. Eitthvað af búpeningi fórst í skriðuföllunum. Flestir af þessum bæjum fóru tímabundið í eyði eftir skriðuföllin en voru misfljótt byggðir upp aftur, nema Hallfríðarstaðir ytri sem aldrei voru grafnir upp úr skriðudyngjunni en land þeirra lagt undir Hallfríðarstaðakot.

Skriðuör eftir þessi skriðuföll eru enn vel greinanleg í fjallshlíðinni ofan við fyrrnefnda bæi. Allar voru þessar skriður jarðvegsskriður en upptök þeirra, sem voru neðan við stall og slakka í efri hluta fjallsins, gefa tilefni til vangaveltna um hvort snjór eða skafli hafi verið í fjallinu þegar skriðurnar féllu. Ef til vill hafa skriðuföllin orðið í hausthreti, þegar fyrst hefur snjóað mikið á ófrosna jörð og síðan hlýnað með mikilli rigningu.

Áberandi skriðuör frá 1769 er um 500 m innan við bæinn á Öxnhóli. Þessi skriða hefur átt upptök sín neðan við stallbrúnina innst og efst í Lönguhlíðarfjalli. Skriðan hefur skafið jarðveginn utan af hlíðinni á um 50–100 m breiðu belti og borið hann niður í fjallsrætur en haldið svo áfram, sennilega niður á Hörgáreyrar.

Númer: 15982 **Tegund:** Jarðvegsskriða **Hrina:** 10025

Staðsetning: Lönguhlíðarfjall. Öxnhóll - Uppsalur.

Tími: 23.9.1769

Skýrslu skráði: Halldór G. Pétursson

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2008. Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi.

Tjón: Skemmdir á landi.

Athugasemdir: Í annálum frá seinni hluta 18. aldar er greint frá miklum skriðuföllum í Hörgárdal, seint í september árið 1769. Ekki ber annálum alveg saman um atburðarás og útbreiðslu þessara skriðufalla en þau virðast hafa orðið þ. 23. sept. í óskaplegum rigningum sem það haustið gengu yfir Norðurland. Getið er um skriðuföll á fjórum jörðum í Hörgárdal, þ.e. Öxnhól, Uppsölum sem var kot frá Öxnhóli, Hallfríðarstöðum sem á þessum tíma voru tveir bæir, Hallfríðarstaðir syðri og Hallfríðarstaðir ytri og Hallfríðarstaðarkoti. Að auki má ráða af texta að skriður hafi fallið víðar en þess ekki getið hvar. Skriður féllu á bæjarhúsin á Öxnhóli og á Hallfríðarstöðum ytri. Í bænum á Öxnhóli fórust 3 manneskjur, húsfreyjan á Uppsölum sem þar hafði leitað skjóls og tvö börn. Annað fólk á þessum bæjum gat forðað sér en þó hafði sumt af því meiðst og lerkast. Eitthvað af búpeningi fórst í skriðuföllunum. Flestir af þessum bæjum fóru tímabundið í eyði eftir skriðuföllin en voru misfljótt byggðir upp aftur, nema Hallfríðarstaðir ytri sem aldrei voru grafnir upp úr skriðudýngjunni en land þeirra lagt undir Hallfríðarstaðakot.

Skriðuör eftir þessi skriðuföll eru enn vel greinanleg í fjallshlíðinni ofan við fyrrnefnda bæi. Allar voru þessar skriður jarðvegsskriður en upptök þeirra, sem voru neðan við stall og slakka í efri hluta fjallsins, gefa tilefni til vangaveltna um hvort snjór eða skafi hafi verið í fjallinu þegar skriðurnar féllu. Ef til vill hafa skriðuföllin orðið í hausthreti, þegar fyrst hefur snjóað mikið á ófrosna jörð og síðan hlýnað með mikilli rigningu.

Næst utan örið eftir skriðuna sem féll á Öxnhól er er skriðuör í hlíðinni beint upp af því svæði þar sem Uppsalur stóðu áður. Þetta kot stóð um 250 m vestur af þeim stað sem Öxnhólsbærinn stóð fyrrum þegar skriðan tók hann 1769. Upptök þessar skriðu eru í slakka sem liggur langs eftir fjallshlíðinni í um 450–550 m hæð. Þessi skriða hefur verið talsvert minni en aðrar skriður á þessum slóðum og hún hefur ekki skafið jarðveg utan af hlíðinni eins langt niður og hinar. Því er skriðuörið eftir hana ógreinilegra en önnur. Þetta passar við munnmæli á Öxnhóli, því Uppsalabærinn slapp en skriður fóru yfir túnin umhverfis. Í dag eru rústir Uppsala í sléttuðu túni ofan við Öxnhól.

— — — — —

Númer: 15990 **Tegund:** Jarðvegsskriða **Hrina:** 10025

Staðsetning: Lönguhlíðarfjall. Öxnhóll.

Tími: 23.9.1769

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2008. Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi.

Fólk sem lenti í flóðinu: Látnir: 3

Tjón: Skriða hljóp á bæinn, þrír fórust.

Athugasemdir: Í annálum frá seinni hluta 18. aldar er greint frá miklum skriðuföllum í Hörgárdal, seint í september árið 1769. Ekki ber annálum alveg saman um atburðarás og útbreiðslu þessara skriðufalla en þau virðast hafa orðið þ. 23. sept. í óskaplegum rigningum sem það haustið gengu yfir

Norðurland. Getið er um skriðuföll á fjórum jörðum í Hörgárdal, þ.e. Öxnhól, Uppsölum sem var kot frá Öxnhóli, Hallfríðarstöðum sem á þessum tíma voru tveir bæir, Hallfríðarstaðir syðri og Hallfríðarstaðir ytri og Hallfríðarstaðarkoti. Að auki má ráða af texta að skriður hafi fallið víðar en þess ekki getið hvar. Skriður féllu á bæjarhúsin á Öxnhóli og á Hallfríðarstöðum ytri. Í bænum á Öxnhóli fórust 3 manneskjur, húsfreyjan á Uppsölum sem þar hafði leitað skjóls og tvö börn. Annað fólk á þessum bæjum gat forðað sér en þó hafði sumt af því meiðst og lerkast. Eitthvað af búpeningi fórst í skriðuföllunum. Flestir af þessum bæjum fóru tímabundið í eyði eftir skriðuföllin en voru misfljótt byggðir upp aftur, nema Hallfríðarstaðir ytri sem aldrei voru grafnir upp úr skriðudýngjunni en land þeirra lagt undir Hallfríðarstaðakot.

Skriðuör eftir þessi skriðuföll eru enn vel greinanleg í fjallshlíðinni ofan við fyrrnefnda bæi. Allar voru þessar skriður jarðvegsskriður en upptök þeirra, sem voru neðan við stall og slakka í efri hluta fjallsins, gefa tilefni til vangaveltna um hvort snjór eða skafi hafi verið í fjallinu þegar skriðurnar féllu. Ef til vill hafa skriðuföllin orðið í hausthreti, þegar fyrst hefur snjóað mikið á ófrosna jörð og síðan hlýnað með mikilli rigningu.

Örið eftir skriðuna sem féll á bæinn á Öxnhóli er greinilegt í fjallshlíðinni beint fyrir ofan núverandi bæjarhús. Skriðuupptökin eru í neðri brún stalls efst í fjallinu hér innan við. Skriðuörið er um 100 m breitt í fjallshlíðinni og skriðan hefur skafið jarðveg niður á fast utan af hlíðinni, allt niður í fjallsrætur. Þaðan má svo rekja skriðuna, bæði ruðninga og ör niður eftir hjallanum neðan við og beint á bæjarstæðið. Krafturinn á skriðunni hefur verið það mikill að hún hefur hlaupið þvert yfir fornan farveg eða gilskorning frá lokum ísaldar, en hann liggur langs eftir stallinum rétt ofan við bæinn. Hér er farvegurinn tiltölulega grunnur, nánast þröng dalskora miðað við stærð hans utar á hjallanum. Síðan hljóp skriðan beint á Öxnhólsbæinn sem þá stóð við farvegsbrúnina, þar sem núna standa gömul fjárhús ofan við núverandi íbúðarhús. Í bænum fórust húsfreyjan á Uppsölum og tvö börn. Skriðan virðist svo hafa haldið áfram fram af stallbrúninni og niður á Hörgáreyrar, a.m.k. benda ummerki sem greina má í túninu neðan við, snemma á vorin og seint á haustin til þess.

Númer: 15991 **Tegund:** Jarðvegsskriða **Hrina:** 10025

Staðsetning: Lönguhlíðarfjall. Hallfríðarstaðakot - Hallfríðarstaðir ytri.

Tími: 23.9.1769

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2008. Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi.

Tjón: Bærinn grófst í skriðu.

Athugasemdir: Í annálum frá seinni hluta 18. aldar er greint frá miklum skriðuföllum í Hörgárdal, seint í september árið 1769. Ekki ber annálum alveg saman um atburðarás og útbreiðslu þessara skriðufalla en þau virðast hafa orðið þ. 23. sept. í óskaplegum rigningum sem það haustið gengu yfir Norðurland. Getið er um skriðuföll á fjórum jörðum í Hörgárdal, þ.e. Öxnhól, Uppsölum sem var kot frá Öxnhóli, Hallfríðarstöðum sem á þessum tíma voru tveir bæir, Hallfríðarstaðir syðri og Hallfríðarstaðir ytri og Hallfríðarstaðarkoti. Að auki má ráða af texta að skriður hafi fallið víðar en þess ekki getið hvar. Skriður féllu á bæjarhúsin á Öxnhóli og á Hallfríðarstöðum ytri. Í bænum á Öxnhóli fórust 3 manneskjur, húsfreyjan á Uppsölum sem þar hafði leitað skjóls og tvö börn. Annað fólk á þessum bæjum gat forðað sér en þó hafði sumt af því meiðst og lerkast. Eitthvað af búpeningi fórst í skriðuföllunum. Flestir af þessum bæjum fóru tímabundið í eyði eftir skriðuföllin en voru misfljótt byggðir upp aftur, nema Hallfríðarstaðir ytri sem aldrei voru grafnir upp úr skriðudýngjunni en land þeirra lagt undir Hallfríðarstaðakot.

Skriðuör eftir þessi skriðuföll eru enn vel greinanleg í fjallshlíðinni ofan við fyrrnefnda bæi. Allar voru þessar skriður jarðvegsskriður en upptök þeirra, sem voru neðan við stall og slakka í efri hluta fjallsins, gefa tilefni til vangaveltna um hvort snjór eða skafi hafi verið í fjallinu þegar skriðurnar féllu. Ef til vill hafa skriðuföllin orðið í hausthreti, þegar fyrst hefur snjóað mikið á ófrosna jörð og síðan hlýnað með mikilli rigningu.

Í dag standa húsín á Hallfríðarstaðakoti standa nokkur vegin á sama stað og bæjarhúsín þar gerðu þegar skriðuföllin urðu 1769. Hallfríðarstaðakot og Hallfríðarstaðir (syðri) eru þeir bæir á svæðinu sem á sínum tíma fóru skást út úr skriðuföllunum. Nánast engin skriðuör eru sjáanleg í fjallshlíðinni beint ofan við þá og ef að þar hafa fallið einhverjar skriður þá hafa þær verið nánast spýjur miðað við annað á þessum slóðum. Eftir skriðuföllin var land Hallfríðarstaða ytri lagt undir Hallfríðarstaðakot, en sá bær er talinn hafa staðið um 200 m utan við bæjarhúsín á Hallfríðarstaðakoti. Örið eftir skriðuna eyddi og gróf bæinn á Hallfríðarstöðum ytri er um 200 m breitt og áberandi í hlíðinni rétt utan við Hallfríðarstaðakot. Það nær frá slakkanum í um 450–550 m hæð í fjallinu og alveg niður í fjallsrætur, þar sem skriðan hefur bæði skilið eftir ruðninga en líka rofið með sér viðbótarefni. Eflaust hefur þessi skriða náð langt niður, jafnvel niður undir Hörgá.

— — — — —

Númer: 16129 **Tegund:** Jarðvegsskriða **Hrina:** 10025

Staðsetning: Lönguhlíðarfjall. Utan Öxnhóls.

Tími: 23.9.1769

Skýrslu skráði: Halldór G. Pétursson

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2008. Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi.

Tjón: Skemmdir á landi.

Athugasemdir: Í annálum frá seinni hluta 18. aldar er greint frá miklum skriðuföllum í Hörgárdal, seint í september árið 1769. Ekki ber annálum alveg saman um atburðarás og útbreiðslu þessara skriðufalla en þau virðast hafa orðið þ. 23. sept. í óskaplegum rigningum sem það haustið gengu yfir Norðurland. Getið er um skriðuföll á fjórum jörðum í Hörgárdal, þ.e. Öxnhól, Uppsölum sem var kot frá Öxnhóli, Hallfríðarstöðum sem á þessum tíma voru tveir bæir, Hallfríðarstaðir syðri og Hallfríðarstaðir ytri og Hallfríðarstaðarkoti. Að auki má ráða af texta að skriður hafi fallið víðar en þess ekki getið hvar. Skriður féllu á bæjarhúsín á Öxnhóli og á Hallfríðarstöðum ytri. Í bænum á Öxnhóli fórust 3 manneskjur, húsfreyjan á Uppsölum sem þar hafði leitað skjóls og tvö börn. Annað fólk á þessum bæjum gat forðað sér en þó hafði sumt af því meiðst og lerkast. Eitthvað af búpeningi fórst í skriðuföllunum. Flestir af þessum bæjum fóru tímabundið í eyði eftir skriðuföllin en voru misfljótt byggðir upp aftur, nema Hallfríðarstaðir ytri sem aldrei voru grafnir upp úr skriðudyngjunni en land þeirra lagt undir Hallfríðarstaðakot.

Skriðuör eftir þessi skriðuföll eru enn vel greinanleg í fjallshlíðinni ofan við fyrrnefnda bæi. Allar voru þessar skriður jarðvegsskriður en upptök þeirra, sem voru neðan við stall og slakka í efri hluta fjallsins, gefa tilefni til vangaveltna um hvort snjór eða skafi hafi verið í fjallinu þegar skriðurnar féllu. Ef til vill hafa skriðuföllin orðið í hausthreti, þegar fyrst hefur snjóað mikið á ófrosna jörð og síðan hlýnað með mikilli rigningu.

Után við örið eftir skriðuna sem féll umhverfis Uppsali eru þrjú skriðuör sem liggja þétt við hvert annað, þannig að þau mynda nánast um 500 m breitt samfellt skriðuör í áttina að Hallfríðarstöðum. Þessi skriðuör eru mjög áberandi í hlíðinni neðan við slakkann sem liggur langs eftir hlíðinni í um 450–550 m hæð. Miðað við ummerki virðast upptök þessara skriðna hafa verið hafa í um 400–450 m hæð og útlit skriðuöruna bendir til að þær hafi fallið haustið 1769.

Númer: 16130 **Tegund:** Jarðvegsskriða **Hrina:** 10025

Staðsetning: Lönguhlíðarfjall. Hallfríðarstaðakot - Hallfríðarstaðir ytri (utan við).

Tími: 23.9.1769

Skýrslu skráði: Halldór G. Pétursson

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2008. Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi.

Tjón: Skemmdir á landi.

Athugasemdir: Í annálum frá seinni hluta 18. aldar er greint frá miklum skriðuföllum í Hörgárdal, seint í september árið 1769. Ekki ber annálum alveg saman um atburðarás og útbreiðslu þessara skriðufalla en þau virðast hafa orðið þ. 23. sept. í óskaplegum rigningum sem það haustið gengu yfir Norðurland. Getið er um skriðuföll á fjórum jörðum í Hörgárdal, þ.e. Öxnhól, Uppsölum sem var kot frá Öxnhóli, Hallfríðarstöðum sem á þessum tíma voru tveir bæir, Hallfríðarstaðir syðri og Hallfríðarstaðir ytri og Hallfríðarstaðarkoti. Að auki má ráða af texta að skriður hafi fallið víðar en þess ekki getið hvar. Skriður féllu á bæjarhúsin á Öxnhóli og á Hallfríðarstöðum ytri. Í bænum á Öxnhóli fórust 3 manneskjur, húsfreyjan á Uppsölum sem þar hafði leitað skjóls og tvö börn. Annað fólk á þessum bæjum gat forðað sér en þó hafði sumt af því meiðst og lerkast. Eitthvað af búpeningi fórst í skriðuföllunum. Flestir af þessum bæjum fóru tímabundið í eyði eftir skriðuföllin en voru misfljótt byggðir upp aftur, nema Hallfríðarstaðir ytri sem aldrei voru grafnir upp úr skriðudýngjunni en land þeirra lagt undir Hallfríðarstaðakot.

Skriðuör eftir þessi skriðuföll eru enn vel greinanleg í fjallshlíðinni ofan við fyrrnefnda bæi. Allar voru þessar skriður jarðvegsskriður en upptök þeirra, sem voru neðan við stall og slakka í efri hluta fjallsins, gefa tilefni til vangaveltna um hvort snjór eða skafli hafi verið í fjallinu þegar skriðurnar féllu. Ef til vill hafa skriðuföllin orðið í hausthreti, þegar fyrst hefur snjóað mikið á ófrosna jörð og síðan hlýnað með mikilli rigningu.

Skriðuföllin 1769 grófu bæinn á Hallfríðarstöðum ytri en þar var aldrei byggt upp aftur heldur var land jarðarinnar lagt undir Hallfríðarstaðakot. Bærinn á Hallfríðarstöðum ytri er talinn hafa staðið um 200 m utan við núverandi Hallfríðarstaðakot.

Rétt utan við örið eftir skriðuna sem eyddi bænum á Hallfríðarstöðum ytri eru tvö, nærri samfelld skriðuör, sem samanlagt eru meira en 400 m á breidd. Þau eiga sér bæði upptök neðan við slakkann sem er í fjallinu í um 450–550 m hæð. Útlitslega séð bendir ekkert til annars en að þau séu frá 1769.

Númer: 10199 **Tegund:** Jarðvegsskriða

Staðsetning: Lönguhlíðarfjall. Langahlíð.

Tími: 12.6.1795

Skráning: Útlína: Óviss **Fylgigögn:** Ljósmynd/ir.

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Fólk sem lenti í flóðinu: Látnir: 2

Tjón: Skriðan tók bæinn, tvo menn, níu nautgripi og 20 kindur.

Veður: Mikil rigning samfara vorleysingum.

Athugasemdir: Í Minnisverðum tíðindum frá árinu 1795 segir svo um veðurfar eftir páska og vorkomuna það ár (páskadagur var 5. apríl): Tók þá við hið mesta óveður með langvarandi ofsaregni, sem skemmdi fiskiföng og á mörgum stöðum tún og engjar af vatnsgangi, aur- og skriðuhlaupum. Fór jörðin Langahlíð í Hörgárdal og Vaðlasýslu af í skriðufalli, sem hljóp á bæ, tún og engjar hennar þann 12. júní urðaði 2 menn, 9 naut og 20 sauðkindur.

Greinilegt ör er í fjallinu eftir þessa skriðu og er auðvelt að rekja það niður fjallshlíðina, beint ofan við núverandi bæjarhús. Miðað við ummerki, hefur skriðan 12. júní 1795 tekið sig upp neðan við í slakka efst í Lönguhlíðarfjalli. Í þessum slakka liggur oft skafl langt fram eftir vori og verður stundum mikil vatnselgur í fjallshlíðinni þegar hann bráðnar í vorleysingunum. Væntanlega hefur stór skafl legið í slakkanum þetta árið og bráðnað í leysingum, og ef marka má heimildir í mikilli úrkomu.

Ef skoðuð eru ummerkin eftir þessa skriðu sést að neðan við slakkann átti skriðan sér upptök efst í litlum farvegi sem rekja má alla hlíðina og niður í fjallsrætur. Þar sem skriðuupptökin voru er ekki ólíklegt að leynist vatnssuppspretta eða smá lind. Skriðan hefur fyrst í stað fylgt farveginum niður hlíðina en hún hefur fljótlega breikkað út fyrir hann og örið eftir hana er að jafnaði um 100 m á breidd í hlíðinni. Þar hefur skriðan skafið jarðveg utan af henni alveg niður á fast. Þegar kemur niður í fjallsrætur virðist skriðan hafa aukist að magni þegar hún hefur rofið jarðveg ofan af hjallanum eða stallinum neðan við hlíðina. Gæti það bent til þess að jarðvegur þar hafi verið mjög blautur þegar hún féll. Yfirborðshalli á stallinum í fjallsrótum er það mikill að skriðan stöðvaðist ekki þar, heldur rann beint áfram yfir tún og á bæinn sem þá stóð nokkurn veginn á sama stað og hann gerir í dag. Öll eru þessi ummerki vel greinanleg og í dag auðvelt að rekja þau beint upp frá núverandi bæjarhlaði og í upptökin neðan við slakkann efst í fjallinu. Í bænum fórust tvær manneskjur, húsfreyjan og vinnumaður, níu naut og tvær sauðkindur.

— — — — —

Númer: 12407 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10027

Staðsetning: Öxnadalur

Tími: ágúst 1797

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

Tjón: Skriður á tún og engi, landbrot, fjárskaði og heyhrakningar.

Athugasemdir: Í Skriðuföllum og snjóflóðum segir Ólafur Jónsson um árið 1797 að í ágúst hafi gert stórrigningar og sterkviðri í Eyjafjarðar-, Þingeyjar- og báðum Múlasýslum, svo að hey hröktust, fuku, drupu og brunnu. Lækir og ár urðu flugmikil í þessum úrkomum, báru aur og grjótt á lönd og gerðu víða landbrot. Í Norður-Múla- og Eyjafjarðarsýslu féllu margar skriður yfir tún og engjar, einkum í Öxnadal, sem sagður var allur austanmeginn kominn í skriður. Þar hafi fordjarfast tún og engjar á tíu býlum og skriður urðað fjölda fjár á afréttum. Ekki er nánar getið á hvaða jörðum þessi skriðuföllu urðu.

— — — — —

Númer: 10222 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10028

Staðsetning: Drangafjall. Nýibær.

Tími: 29.9.1805

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Fólk sem lenti í flóðinu: Látnir: 5

Tjón: Bærinn eyðilagðist og var færður.

Lýsing: Tunga: Fór alveg niður í á.

Athugasemdir: Nýibær stóð undir Drangafjalli nokkurn veginn gegnt Staðarbakka. Þar hljóp skriða snemma morguns 29. sept. árið 1805 sem sópaði öllum jarðvegi utan af hlíðinni og bæjarhúsum niður í Hörgá. Fórust þar 5 manns, sumar heimildir segja 4, auk búpenings. Daginn áður og um nóttina hafði verið foráttuveður með mikilli úrkomu sem orsakaði víða skriðuföll, þó þetta sé eini staðurinn sem getið er og þekktur í dag. Fólk var í fastasvefni í kotinu þegar skriðan hljóp á það en skriðuörið eftir hana er enn vel greinanlegt í fjallshlíðinni. Hún hefur tekið sig upp neðan við brún í miðju fjallið og skafið allan jarðveg utan af hlíðinni neðan við, á um 100–150 m breiðum kafla og borið niður í Hörgá. Kotið var þó byggt upp eftir þetta um 200 m utar undir hlíðinni og þar búið til 1917.

Númer: 10203 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Tungudalur. Tungudalur.

Tími: fyrir 1839

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Sýslu og Sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins Myrkársókn 1839.

Athugasemdir: Í Sýslu og Sóknarlýsingum Bókmenntafélagsins um Myrkársókn segir svo: "Upp frá Sörlatungu liggur til útvesturs svonefndur Tungudalur, sem brúkaður er eins og hinir allir áður-nefndu til afréttar á sumrum, grasatínings og kolaviðarrifs, sem þó allt fer árlega minnkandi eins og grasvegurinn þar og í byggðinni niðrundan, vegna eldri og yngri skemmda af skriðum, sem aftur og aftur ásamt snjóflóðum eru að hrinda niður grjóti og leir úr þeim bröttu fjöllum allt í kring."

Númer: 10235 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Miðhálsstaðaháls. Hraunshöfði.

Tími: fyrir 1839

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Sýslu og Sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins Bægisár og Bakkasókn 1839.

Tjón: Jörðin skemmst.

Athugasemdir: Í Sýslu og Sóknarlýsingum Bókmenntafélagsins segir svo jörðina Hraunshöfða: "Miðhálsstaðaháls, hvar klettar taka til að ofanverðu, með sífelldum skriðuhlaupum, svo þessi jörð mætir árlega stórskemmdum og bænum sjálfum ei óhætt."

Númer: 10246 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Öxnadalur vestanv. Gil.

Tími: fyrir 1840

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Sýslu og Sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins Bakkasókn 1840.

Tjón: Engi eitthvað skemmst.

Athugasemdir: Engjalag er þar nokkurt, nokkurt mýrlendi og grundir, sem allt af sér gengur árlega af skriðuföllum."

Númer: 10240 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Bessahlaðahnjúkur. Bessahlaðir.

Tími: fyrir 1840

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Sýslu og Sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins Bakkasókn 1840.

Tjón: Tún og beitaland orðið fyrir tjóni.

Athugasemdir: "Hefir útheyskap nokkurn á skriðugrundum, sem ásamt túninu og sínu annars kjarngóða beitaland liggur árlegum skriðuáföllum."

Númer: 10242 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Varmavatnshólafjall. Varmavatnshólar.

Tími: fyrir 1840

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Sýslu og Sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins Bakkasókn 1840.

Tjón: Engi spillst.

Athugasemdir: "Hefir nokkurn vegin mýrlendis- og grundaengi, sem allt af sér gengur af skriðum að ofan, en ánni að framan."

Númer: 10236 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Miðhálsstaðaháls. Hraunshöfði.

Tími: fyrir 1840

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Sýslu og Sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins Bakkasókn 1840.

Tjón: Skemmdir á túni og engjum.

Athugasemdir: "Hefir lítið og grýtt engi, en kjarngott, útingang ágætan, en er staklega undirorpin skriðu-áföllum á tún og engi og auk þess á hús."

Númer: 10254 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Fagranesfjall. Fagranes.

Tími: fyrir 1840

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Sýslu og Sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins Bakkasókn 1840.

Athugasemdir: "Hefur nokkurn veginn engi, mýrlendi og grundir, sem liggja undir skriðuáfallum."

Númer: 10266 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Landafjall. Efstaland.

Tími: fyrir 1840

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Sýslu og Sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins Bakkasókn 1840.

Tjón: Engið skemmst.

Athugasemdir: "Beitarland nokkuð léttara en á næstnefndri jörð (þ.e. Miðlandi), en liggur undir sömu áfallum (grjótskriður og snjóflóð), og líka engið af árflóðum."

Númer: 10270 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Landafjall. Miðland.

Tími: fyrir 1840

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Sýslu og Sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins Bakkasókn 1840.

Athugasemdir: "Útheyskapað að kalla og áfallajörð af grjótskriðum og snjóflóðum."

Númer: 10248 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Gloppufjall. Gloppa.

Tími: fyrir 1840

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Sýslu og Sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins Bakkasókn 1840.

Athugasemdir: Staklega áfallahætt af skriðum.

Númer: 10183 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kötluhfjall að austan. Fagriskógur - Ytri-Kambhóll?.

Tími: um 1841

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Sýslu og Sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins Möðruvallaklausturskirkjusókn 1841.

Athugasemdir: Nokkur skriðuhætta er talin við bæinn Kambhól, sérstaklega úr frambrún lítils berg-
hlaups sem einhvern tíma hið forna féll úr brún Hrossahjalla í fjallinu. Þarna féllu skriður árin
1873 og 1940 umhverfis bæinn á Ytri-Kambhóli, sem stóð aðeins norðan við ysta núverandi íbúð-
arhús á jörðinni (það hús er gamli Syðri-Kambhóll). Báðar þessar skriður skemmdu mjög land
Ytri-Kambhóls og sú seinni varð beinlínis til þess að þar lagðist af byggð og þessi hluti jarðarinnar
lagður undir Fagraskóg. Þá eru til heimildir um annað skriðufall á þessum slóðum frá fyrri hluta
19. aldar, úr Sóknarlýsingu Möðruvallaklausturskirkjusóknar frá árinu 1841 en þar segir eitthvað
á þessa leið: Skriðuhætt er sums staðar í fjalli þessu (en hér er átt við allann fjallgarðinn frá Auð-
brekkufjalli til Kötlu fjalls) ... skammt fyrir framan Fagraskóg féll ægistór skriða fyrir nokkrum
árum, sem þó er nú að neðanverðu grasgróin nokkuð aftur. Freistandi er að telja að hér sé verið að
fjalla um svæðið við Ytri-Kambhól en e.t.v. eru hér dregnar of miklar ályktanir af óljósu orðalagi.
Hvað um það einhvers staðar á þessum slóðum féll stór skriða úr fjallinu á fyrri hluta 19. aldar.

Númer: 12389 **Tegund:** Grjóthrun

Staðsetning: Öxnadalur, framdalur austanv. Almennigur.

Tími: fyrir 1849

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Öxnadalshrepps, handrit.

Athugasemdir: Bræður: Þetta voru steinar sem hrunið höfðu úr klettum og staðnæmst þarna á flötinni
en einhver sem farið hafði þarna um gefið þeim nafnið, vegna þess hve líkir þeir eru. Ekki veit ég
um aldur á nafninu, en faðir minn fæddur 1849 heyrði nafnið þegar hann var unglíngur. Steinarnir
Bræður á Almennig eru nú að mestu horfnir, hafa mulist niður af veðrum, en sér þó enn glögg
merki þess staðar er þeir stóðu og enn segja Öxndælir "framhá Bræðrum".

Númer: 10226 **Tegund:** Jarðvegsskriða

Staðsetning: Staðartunguháls. Búðarnes.

Tími: fyrir 1850

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit.

Athugasemdir: Fjallið ofan við Búðarnes er mjög bratt, enda er þar mjög skriðuhætt. Hafa runnið stór-
kostlegar skriður þar utan við túnið, heitir sú Mórauðaskriða sem fjær er túninu og er hún frá því
snemma á 19. öld.

Númer: 10213 **Tegund:** Jarðvegsskriða

Staðsetning: Slembimúli. Þúfnaveilir.

Tími: júlí 1869

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit.

Athugasemdir: Milli túnanna á Þúfnavöllum og Saurbæ féll mikil skriða um fráfernaleytið árið 1869. Fór hún alla leið niður undir Hörgá. Síðan hefur það verið kallað Skriðan. Nú er meiri hluti hennar orðinn að túni.

Númer: 10185 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kötluþjall neðan Hrossahjalla. Kambhóll (Ytri-Kambhóll).

Tími: vor 1873

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Tjón: Tún skemmdust.

Athugasemdir: Á Kambhóli standa í dag þrjú íbúðarhús en nyrsta húsið af þeim er gamla íbúðarhúsið á Syðri-Kambhóli. Rétt norðan við Syðri-Kambhól var áður býlið Ytri-Kambhóll, en land þess tilheyrir í dag Fagraskógi. Enn sjást tóftirnar af Ytri-Kambhóli en hann fór í eyði árið 1941 í kjölfar þess að skriða féll við bæinn árið áður (þ.e. 1940). Vorið 1873 skemmdi skriðufall úr fjallinu mjög land Ytri-Kambhóls. Fór sú skriða niður túnið utanvert og utan við það og alveg fram í sjó. Var Arnarnesvíkin, sem hlaupið fór fram í, kolmórauð lengi á eftir. Sáust lengi stórar jarðvegstorfur og djúp jarðföll þar sem skriðan fór niður. Enn í dag eru ummerki eftir þessa skriðu vel greinanleg, bæði á vettvangi og eins á flugljósmyndum.

Upptök þessar skriðu eru í frambrún lítills berghlaups sem einhvern tíma hefur fallið úr brún Hrossahjalla. Efnið úr berghlaupinu hefur hrúgast upp í dyngju rétt neðan við Hrossahjallabrunina, en hún teygir sig frá því nokkurn vegin beint ofan við ysta húsið (gamla íbúðarhúsið á Syðri-Kambhól) og út fyrir þar sem Ytri-Kambhóll stóð áður. Báðar skriðurnar 1873 og 1940 áttu sér upptök í brún berghlaupsdyngjunnar. Virðist sem úr henni hafi sprungið fram fyllur og hlaupið niður hlíðina. Í efri hluta hlíðarinnar hafa skriðurnar skafið af henni jarðveg niður á klöpp og að hluta til í neðri hlutanum og síðan borið svo þetta allt niður á jafnsléttu. Miðað við ummerki virðist sem skriðan sem féll 1873 hafi verið heldur stærri. Báðar þessar skriður tengdust vorleysingum og miðað við aðstæður er ekki ólíklegt að í bæði skiptin hafi stórir skaflar legið utan í brún Hrossahjalla, og bráðnað í asahláku. Hugsanlega hefur jörð verið ófrosin undir og leysingarvatn hripað beint niður í jarðveg og berghlaupsdyngjuna þar til frambrún hennar varð það vatnsósa að skriða sprakk fram.

Númer: 16047 **Tegund:** Jarðvegsskriða **Hrina:** 10029

Staðsetning: Staðartunguháls. Bás.

Tími: 24.7.1877

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Norðanfari. 22.08.1877.

Athugasemdir: Á Bási í Hörgárdal féll skriða sem tók yfir dagsláttustærð (0.6 ha.) af besta enginu.

Númer: 10267 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10029

Staðsetning: Landafjall. Efstaland.

Tími: 24.7.1877

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Íslendingur. 05.01.1962.

Tjón: Tún skemmist og útihús eyðileggjast.

Athugasemdir: Á Efstalandi féll feikna stór skriða niður á túnið, rétt sunnan við bæinn. Var talið, að eyðilagst hafi um 4 dagsláttur af túninu. Seint í júlí gengu miklar austanrigningar og að kvöldi þess 24. þegar fólk var að háttu heyrði það ógnarlegar drunur í fjallinu. Var þá mikil aurskriða að falla fram af efri skeiðinni, eða Sneiðingum sem svo eru kallaðir. Skriðan hélt eðlilega áfram eftir lækjargilinu og óttaðist fólkið, að hún myndi granda bænum. Voru kýrnar teknar og farið með þær í fjárhús sem stóð á hól skammt norðan við bæinn, en fólk flúði á aðra bæi. Eitthvað mun hafa verið borið út af búslóð, en skriðan fór fremur hægt því feikna mikið stórgrýti var í henni en vatnskrafturinn ekki að sama hætti. Skriðan fór heim að bænum og ruðningurinn varð jafnhár skemmuvegg sem var syðst húsa í röðinni. Tók hún fjárhús skammt niðri á túninu, braut það niður og breiddi sig um túnið þar sem sléttast var.

— — — — —

Númer: 10271 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10029

Staðsetning: Landafjall. Miðland.

Tími: 24.7.1877

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Íslendingur. 05.01.1962.

Tjón: Tún skemmdist.

Athugasemdir: Margar skriður féllu á Miðlandi um þessar mundir. Ein þeirra tók skák syðst á túninu, en ekki vissu menn, að fé yrði fyrir skriðunum. Aðrar skriður skemmdu engið.

— — — — —

Númer: 12408 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10029

Staðsetning: Landafjall. Efstalandskot.

Tími: 24.7.1877

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

Tjón: Skriða skemmdi engi.

Athugasemdir: Í Efstalandskoti tók skriða um engi sem var um 10 hestar að stærð.

— — — — —

Númer: 12409 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10029

Staðsetning: Landafjall. Steinsstaðir.

Tími: 24.7.1877

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

Tjón: Skemmdir á engjum.

Athugasemdir: Á Steinsstöðum skemmdi skriða engi en ekki mikið.

Númer: 16048 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10029

Staðsetning: Barkárdalur. Þúfnavallasveigur.

Tími: 25.7.1877

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Norðanfari. 22.08.1877.

Athugasemdir: Á Þúfnavallasveig, sem er afréttarland, féllu 14 skriður og þótti mönnum líklegt að þar hefði farist eitthvað af kindum.

Númer: 16056 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Slembimúli. Þúfnavellir.

Tími: 1881

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Norðanfari. 09.03.1882.

Athugasemdir: Sennilega hafa einhver skriðuföll orðið á Þúfnavöllum í Hörgárdal á árinu 1881, því 23. febr. 1882 er ákveðið á fundi Sýslunefndar Eyjafjarðar að færa niður landskuld um 15 álnir sakir skriðuhlaupa.

Númer: 12410 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Öxnadalsheiði

Tími: 28.7.1885

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

Tjón: Vegaskemmdir.

Veður: Vatnavextir vegna leysinga.

Athugasemdir: Mjög miklir vatnavextir urðu norðanlands síðast í júlí, einkum þann 28., því að snjór hafði verið mikill á afréttum fram til þess tíma. Víða hlupu skriður og vegir spilltust og varð þjóðvegurinn um Öxnadalsheiði illfær af þessum sökum.

Númer: 12387 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Öxnadalsheiði

Tími: 1887

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Byggðasaga Skagafjarðar IV, 2007, Hjalti Pálsson.

Tjón: Vegaskemmdir.

Veður: Mikil rigning.

Athugasemdir: Skriður tóku í rigningum mikið af hinum nýja póstvegi yfir Öxnadalshéiði.

Númer: 10211 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10023

Staðsetning: Hörgárdalur, framdalur, vestanv. Flögusel.

Tími: 3.10.1887

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Eiður Guðmundsson. Sútur (7), 1973.

Tjón: Skemmdir á landi.

Athugasemdir: Mikil landsspjöll urðu af völdum skriðufalla í Flöguseli, svo mikil að vorið eftir var tjónið metið og landsskuldir lækkaðar.

Númer: 10208 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10023

Staðsetning: Barkárdalur. Baugasel.

Tími: 3.10.1887

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Eiður Guðmundsson. Sútur (7), 1973.

Tjón: Mikið tjón á landi.

Athugasemdir: Mikil landsspjöll urðu af völdum skriðufalla í landi Baugasels, svo mikil, að vorið eftir var tjónið metið og landsskuldir lækkaðar.

Númer: 10209 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10023

Staðsetning: Slembimúli. Þúfnavellir.

Tími: 3.10.1887

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Eiður Guðmundsson. Sútur (7), 1973.

Tjón: Mikið tjón á landi.

Athugasemdir: Mikil landsspjöll urðu af völdum skriðufalla í landi Þúfnavalla, svo mikil að vorið eftir var tjónið metið og landsskuldir lækkaðar, svo að nokkru nam.

Númer: 10210 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10023

Staðsetning: Flöguháls. Flaga.

Tími: 3.10.1887

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Eiður Guðmundsson. Sútur (7), 1973.

Tjón: Mikið tjón á landi.

Athugasemdir: Mikil landsspjöll urðu af völdum skriðufalla í landi Flögu, svo mikil að vorið eftir var tjónið metið og landsskuldir lækkaðar.

Númer: 10214 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10023

Staðsetning: Barkárdalur

Tími: 3.10.1887

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit.

Athugasemdir: Milli Byrgisgils og Háaleitis er Nýjaskriða, sem féll 3. október 1887, en er nú fullgróin fyrir löngu. Þar upp af er Nýjuskriðugil, lítið og ómerkilegt, þó að úr því félli skriðan.

Númer: 10227 **Tegund:** Jarðvegsskriða **Hrina:** 10023

Staðsetning: Staðartunguháls. Búðarnes.

Tími: 3.10.1887

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit.

Athugasemdir: Fjallið er mjög bratt ofan við þessar jarðir, einkum Búðarnes, enda er þaðan mjög skriðuhætt. Hafa runnið stórkostlegar skriður þar utan við túnið. Til dæmis ein haustið 1887 (3. okt.). Er hún nær túninu og heitir Búðarnesskriða.

Númer: 10249 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10023

Staðsetning: Öxnadalur vestanv. Gil.

Tími: 3.10.1887

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.
H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Tjón: Tún stórskemmst.

Athugasemdir: Skriður eyðilögu hálf tónið á Gili og allar bestu engjarnar.

Númer: 12411 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10023

Staðsetning: Bessahlaðahnjúkur. Bessahlaðir.

Tími: 3.10.1887

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

Eiður Guðmundsson. Súlur (7), 1973.

Tjón: Engjar og tún spilltust.

Athugasemdir: Engjar á Bessahlöðum skemmdust mikið af völdum flóða og skriðufalla en túnið lítið.

Númer: 10243 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10023

Staðsetning: Varmavatnshólafjall. Varmavatnshólar.

Tími: 3.10.1887

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Tjón: Tún og engjar stórskemmst.

Athugasemdir: Á Varmavatnshólum tóku skriður fullan þriðjung af túninu og mikið af engjum.

Númer: 12419 **Tegund:** Grjóthrun **Hrina:** 10023

Staðsetning: Öxnadalur, framdalur austanv. Almennigur.

Tími: 3.10.1887

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Eiður Guðmundsson. Súlur (7), 1973.

Fólk sem lenti í flóðinu: Látnir: 1

Athugasemdir: Þennan dag (3. okt.) áttu að vera þriðju göngur. Um morguninn var veður ekki verra en svo, að allir gangnamenn lögðu af stað í göngur, og voru þær hafnar víðast hvar, þegar ósköpin dundu yfir. Gangnamenn komust til bæja meiðslalaust, nema einn, sem varð fyrir stórbjargi og beið samstundis bana. Var það Gunnar Stefánsson frá Hlöðum. Hann var í göngum á Almenninum í Öxnadal.

Númer: 10251 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10023

Staðsetning: Fagranesfjall. Fagranes.

Tími: 3.10.1887

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Tjón: Tún stórskemmst.

Athugasemdir: Skriður og flóð spilltu svo túninu á Fagranesi að aðeins var eftir af því hér um bil ein dagsláttu og tóku næstum því allt engið.

Númer: 10250 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10023

Staðsetning: Gloppufjall. Gloppa.

Tími: 3.10.1887

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Tjón: Tún stórskemmt.

Athugasemdir: Á Gloppu skemmdust tún lítið en mikill hluti af engi og bithaga fóru undir skriðu.

Númer: 10217 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Myrkárfjall. Káragerði.

Tími: 1897

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2008. Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi.

Athugasemdir: Káragerði var kot eða smábýli frá Myrká. Það stóð um 600 m utan við Myrká. Það fór í eyði á 17. öld en 1897 féll Nýjaskriða úr fjallinu ofan við.

Númer: 10234 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Miðhálsstaðaháls. Skjaldarstaðir.

Tími: 1897

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Öxnadalshrepps, handrit.

Athugasemdir: Sunnan við hallið á Skjaldarstöðum féll skriða árið 1897. Tók hún með sér smábyrgi, sem börn áttu þar og er hún síðan kölluð Byrgisskriða.

Númer: 10187 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Hörgárdalur, ytri hl. vestanv. Ytri-Reistará.

Tími: fyrir 1900

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Arnarneshrepps, handrit.

Athugasemdir: Uppgróið skriðusvæði, eða framburðardreif úr Reistaránni, er syðst í landareign Ytri-Reistará suður frá Sundpollsmelnum.

Númer: 10191 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Hörgárdalur, ytri hl. vestanv. Þrastarhóll.

Tími: fyrir 1900

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Arnarnesshrepps, handrit.

Athugasemdir: Prastarhólsá kemur úr samnefndu skarði og beygir til suðurs utan og neðan við bæinn. Norðan árinna smábreyttar spildan niður eftir. Þar eru breiðir skriðuhryggir eftir framburð úr ánni, nú allvel uppgróið. Nefnist skriðusvæðið einu nafni Grund, nema út og fram frá bænum. Þar heitir hryggir enda dyngjurnar þar hæri.

Númer: 10192 **Tegund:** Grjóthrun

Staðsetning: Staðarhnjúkur

Tími: fyrir 1900

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Arnarnesshrepps, handrit.

Athugasemdir: Efsti hluti fjallsins heitir Staðarhnjúkur. Skarðið í hnjúkinn heitir Hringingarklauf og framhald þess niður hlíðina er Strákagil. Sú var trú manna, að þegar heyrðist til grjóthruns þar efra, væri skammt að bíða rigningar.

Númer: 10221 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Hörgárdalur, framdalur, austanv. Framland.

Tími: fyrir 1900

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit.

Athugasemdir: Bærinn stóð beint á mótí Ásgerðarstaðaseli undir snarbrattri hlíð Háafjalls (sem er hluti Drangafjalls). Þarna er ekkert undirlendi og talið mjög hætt við skriðum og snjóflóðum.

Númer: 15920 **Tegund:** Grjóthrun

Staðsetning: Barkárdalur. Lambárgil.

Tími: um 1908

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Dagur. 07.12.1968.

Athugasemdir: Í göngum að haustlagi um 1908, var maður næstum orðinn fyrir margra tonna bjargi í Lambárgili í Barkárdal.

Númer: 10207 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Barkárdalur. Baugasel.

Tími: 1910

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit.

Athugasemdir: Úr Fremri-Bratta féll stór skriða að vorlagi árið 1910 og kallast hún Nýjaskriða.

Númer: 11479 **Tegund:** Jarðvegsskriða

Staðsetning: Hörgárdalur, ytri hl. vestanv. Hallgilsstaðir.

Tími: 15.5.1910

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. og H.E.J. 2000. Skriðuannáll 1900–1924.

Tjón: Skemmdir á túni.

Lýsing: **Tunga:** Lengd: 350 m

Veður: Leysingar.

Athugasemdir: Fyrir ofan Hallgilsstaði, sem í dag er eyðikot rétt norðan við Möðruvelli, er í dálitlum mýrarslakka glöggt far eftir framhlaup um 2000 m² að stærð. Þarna hljóp fram í einu lagi jarðvegstorfa, líklega um hvítasunnuleytið árið 1910 (ca. 15.05.). Mikil leysing hafði verið í fjallinu áður en þetta varð og var mýrarsvæði þetta allt orðið rólandi áður en það hljóp. Hlaupið hefur fylgt grunnu lækjargili, og fór sumt af því alveg niður á tún á Hallgilsstöðum. Jarðvegstorfa þessi sem sennilega hefur verið nokkuð á annan metra á þykkt, þegar hún hljóp, virðist hafa losnað um grátt ösku- eða leirlag, sem líklega hefur verið nokkurs konar skriðflötur. Hallinn á farinu er lítill, um 5°, en um 8° frá því niður á tún og vegalengdin um 350 m og hæð yfir túnið 60 m.

Númer: 15913 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Hörgárdalur, ytri hl. vestanv. Arnarneshreppur Syðri Reistará.

Tími: fyrir 1917

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Fasteignamatsbók Arnarneshrepps 1917.

Lýsing: **Tunga:** Þykkt: Á vegi: 0 m

Breidd á vegi: 0 m

Athugasemdir: Túnið getur orðið fyrir áföllum af skriðuhlaupum.

Númer: 15914 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Auðbrekkufjall. Hátún.

Tími: fyrir 1917

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Fasteignamatsbók Skriðuhrepps 1917.

Athugasemdir: Árið 1917 telur Fasteignamatsbók að jörðinni sé mikil hætta búin af skriðum og snjóflóðum.

Númer: 15915 **Tegund:** Aurskriða
Staðsetning: Auðbrekkufjall. Hólkot.
Tími: fyrir 1917
Skráning: **Útlína:** Óviss
Heimildir: Fasteignamatsbók Skriðuhrepps 1917.
Athugasemdir: Í fasteignamatsbók er sagt að engi liggi undir áföllum af skriðum.

Númer: 15916 **Tegund:** Aurskriða
Staðsetning: Auðbrekkufjall. Brakandi.
Tími: fyrir 1917
Skráning: **Útlína:** Óviss
Heimildir: Fasteignamatsbók Skriðuhrepps 1917.
Athugasemdir: Í fasteignamatsbók er hætta talin af skriðum og snjóflóðum.

Númer: 15917 **Tegund:** Aurskriða
Staðsetning: Auðbrekkufjall. Fornhagi.
Tími: fyrir 1917
Skráning: **Útlína:** Óviss
Heimildir: Fasteignamatsbók Skriðuhrepps 1917.
Athugasemdir: Í fasteignamatsbók er talið að engi og girðingum stafi hætta af skriðum og snjóflóðum.

Númer: 15919 **Tegund:** Aurskriða
Staðsetning: Barkárdalur. Baugasel.
Tími: fyrir 1917
Skráning: **Útlína:** Óviss
Heimildir: Fasteignamatsbók Skriðuhrepps 1917.
Athugasemdir: Í fasteignamatsbók er hætta talin af skriðum og snjóflóðum.

Númer: 15921 **Tegund:** Aurskriða
Staðsetning: Slembimúli. Saurbær.
Tími: fyrir 1917
Skráning: **Útlína:** Óviss
Heimildir: Fasteignamatsbók Skriðuhrepps 1917.
Athugasemdir: Fasteignamatsbók telur að hætta geti stafað af skriðum og snjóflóðum.

Númer: 15925 **Tegund:** Aurskriða
Staðsetning: Myrkárfjall. Myrká.
Tími: fyrir 1917
Skráning: **Útlína:** Óviss
Heimildir: Fasteignamatsbók Skriðuhrepps 1917.
Athugasemdir: Í fasteignamatsbók segir að snjóflóð og skriður valdi hér oft skemmdum.

Númer: 15928 **Tegund:** Grjóthrun
Staðsetning: Drangafjall. Einhamar.
Tími: fyrir 1917
Skráning: **Útlína:** Óviss
Heimildir: Fasteignamatsbók Skriðuhrepps 1917.
Athugasemdir: Í fasteignamatsbók segir að grjóthrun sé á engi.

Númer: 15929 **Tegund:** Aurskriða
Staðsetning: Staðartunguháls. Búðarnes.
Tími: fyrir 1917
Skráning: **Útlína:** Óviss
Heimildir: Fasteignamatsbók Skriðuhrepps 1917.
Athugasemdir: Í fasteignamatsbók er sagt að skriður falli á engi og bithaga.

Númer: 12398 **Tegund:** Aurskriða
Staðsetning: Miðhálsstaðaháls. Hraunshöfði.
Tími: fyrir 1917
Skráning: **Útlína:** Óviss
Heimildir: Fasteignamatsbók Öxnadalshrepps 1917.
Athugasemdir: Fasteignamatsbók telur að jörðinni geti stafað hætta af skriðum.

Númer: 12395 **Tegund:** Aurskriða
Staðsetning: Geirhildargarðar. Geirhildargarðar.
Tími: fyrir 1917
Skráning: **Útlína:** Óviss
Heimildir: Fasteignamatsbók Öxnadalshrepps 1917.
Athugasemdir: Fasteignamatsbók telur hættu geta stafað af skriðu- og snjóflóðarennisli.

Númer: 12396 **Tegund:** Aurskriða
Staðsetning: Fagranesfjall. Fagranes.
Tími: fyrir 1917
Skráning: **Útlína:** Óviss
Heimildir: Fasteignamatsbók Öxnadalshrepps 1917.
Athugasemdir: Fasteignamatsbók telur árennsli af skriðum og snjóflóðum.

Númer: 12397 **Tegund:** Aurskriða
Staðsetning: Gloppufjall. Gloppa.
Tími: fyrir 1917
Skráning: **Útlína:** Óviss
Heimildir: Fasteignamatsbók Öxnadalshrepps 1917.
Athugasemdir: Fasteignamatsbók telur að talsverð hætta sé af skriðum og snjóflóðum.

Númer: 12391 **Tegund:** Aurskriða
Staðsetning: Landafjall. Neðstaland.
Tími: fyrir 1917
Skráning: **Útlína:** Óviss
Heimildir: Fasteignamatsbók Öxnadalshrepps 1917.
Athugasemdir: Fasteignamatsbók telur að hættu geti stafað af skriðuföllum.

Númer: 12392 **Tegund:** Aurskriða
Staðsetning: Landafjall. Miðland.
Tími: fyrir 1917
Skráning: **Útlína:** Óviss
Heimildir: Fasteignamatsbók Öxnadalshrepps 1917.
Athugasemdir: Fasteignamatsbók telur að skriðuhlaup geti átt sér stað.

Númer: 12393 **Tegund:** Aurskriða
Staðsetning: Landafjall. Efstaland.
Tími: fyrir 1917
Skráning: **Útlína:** Óviss
Heimildir: Fasteignamatsbók Öxnadalshrepps 1917.
Athugasemdir: Fasteignamatsbók telur að ekki sé óhætt fyrir skriðuhlaupum.

Númer: 12394 **Tegund:** Aurskriða
Staðsetning: Landafjall. Efstalandskot.
Tími: fyrir 1917
Skráning: Útlína: Óviss
Heimildir: Fasteignamatsbók Öxnadalshrepps 1917.
Athugasemdir: Fasteignamatsbók telur að hætta geti stafað af skriðum og snjóflóðum.

Númer: 10205 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10030
Staðsetning: Barkárdalur. Barkárjökull (Gíslajökull).
Tími: 24.8.1926
Skráning: Útlína: Óviss
Heimildir: H.G.P. 1996. Skriðuannáll 1925–1950.
H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit.
Helgi Hallgrímsson 1985: Náttúruminjaskrá Eyjafjarðarsýslu (handrit).
Athugasemdir: Við suðausturenda Barkárjökuls er stuttur dalur sem endar í jökulskál, en jökulinn sem liggur í henni mun nefnast Gíslajökull, hvort sem telja á hann sjálfsstæðan skálarjökul eða hluta Barkárjökuls. Frá honum liggur urðabunki eða grjóttjökull út í dalsmynnið, og hefur tunga hans náð fram á stallinn sem þarna er í fjallinu. Þann 24. ágúst 1926 varð þarna framhlaup úr urðartungunni eða urðarhausnum í mynna dalsins. Féll mjög stór skriða niður í botn Barkárdals á um 1 km breiðu svæði, sem síðan er þakið grjóthróngli og stórbjörgum, og kallast þar nú Stórusteinar. Fyrst eftir hrúnið voru stór ísstykki áberandi í grjóthrónglinu en þau bráðnu fljótt. Lækur sem þarna var fyrir, Urðarlækur, hvarf þá að mestu, en annar kom upp fyrir utan skriðuna sem Nýilækur nefnist. Ekki er ólíklegt, að bráðnun sífrera eða íss í urðinni vegna hlýnandi veðurfars í kjölfar kuldakastins í lok 19. aldar hafi að hluta til verið ástæða þessa mikla skriðufalls.

Númer: 11533 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10030
Staðsetning: Landafjall. Neðstaland.
Tími: 24.8.1926
Skráning: Útlína: Óviss
Heimildir: Dagur. 09.09.1926.
H.G.P. 1996. Skriðuannáll 1925–1950.
Tjón: Tjón á landi.
Athugasemdir: Mikið tjón af völdum skriðufalla í landi Neðstalands.

Númer: 11534 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10030
Staðsetning: Landafjall. Efstaland.
Tími: 24.8.1926

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Dagur. 09.09.1926.

H.G.P. 1996. Skriðuannáll 1925–1950.

Tjón: Tjón á landi.

Athugasemdir: Mikið tjón af völdum skriðufalla í landi Efstalands.

Númer: 11535 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10030

Staðsetning: Landafjall. Efstalandskot/Steinsstaðir II.

Tími: 24.8.1926

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Dagur. 09.09.1926.

H.G.P. 1996. Skriðuannáll 1925–1950.

Munnlegar heimildir. Brynjólfur Sveinsson 2008.

Tjón: Tjón á landi.

Athugasemdir: Miklar skemmdir af völdum skriðufalla urðu í landi Efstalandskots í þessum veðri. Til dæmis féll þá stór skriða úr Bæjargilinu ofan við Efstalandskot og Steinsstaði II, niður á láglendi og niður fyrir þau hús sem þarna standa núna. Íbúðarhúsið á Steinsstöðum II var seinna (1957) byggt á ruðningum eftir skriðuna.

Númer: 11536 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10030

Staðsetning: Landafjall. Þverá.

Tími: 24.8.1926

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Dagur. 09.09.1926.

H.G.P. 1996. Skriðuannáll 1925–1950.

Tjón: Tjón á landi.

Athugasemdir: Þennan dag féllu um 30 stórar og litlar skriður í landi Þverár í Öxnadal en ekki skemmdu þær tún eða engi. Líklega hafa þær fallið fjarri byggð, sennilega í Landafjalli eða jafnvel á Þverárdal.

Númer: 12405 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Bessahlaðahnjúkur. Bessahlaðir.

Tími: fyrir 1938

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Fasteignamat Eyjarfjarðarsýslu 1938–40.

Athugasemdir: Fasteignamat getur þess að landspjöll séu af skriðum og snjóflóðum í landi Bessahlaða..

Númer: 12406 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Miðhálsstaðaháls. Hraunshöfði.

Tími: fyrir 1938

Skráning: **Útlína:** Óviss

Heimildir: Fasteignamat Eyjarfjarðarsýslu 1938–40.

Athugasemdir: Fasteignamat getur þess að skriðuhætt sé í Hraunshöfða.

Númer: 12403 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Fagranesfjall. Fagranes.

Tími: fyrir 1938

Skráning: **Útlína:** Óviss

Heimildir: Fasteignamat Eyjarfjarðarsýslu 1938–40.

Athugasemdir: Fasteignamat getur þess að snjóflóð og skriður hafi fallið á land Fagraness.

Númer: 12404 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Gloppufjall. Gloppa.

Tími: fyrir 1938

Skráning: **Útlína:** Óviss

Heimildir: Fasteignamat Eyjarfjarðarsýslu 1938–40.

Athugasemdir: Fasteignamat telur landspjöll af skriðum og snjóflóðum í landi Gloppu.

Númer: 12399 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Landafjall. Neðstaland.

Tími: fyrir 1938

Skráning: **Útlína:** Óviss

Heimildir: Fasteignamat Eyjarfjarðarsýslu 1938–40.

Athugasemdir: Fasteignamat getur þess að skriðuhætt sé á Neðstalandi.

Númer: 12400 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Landafjall. Miðland.

Tími: fyrir 1938

Skráning: **Útlína:** Óviss

Heimildir: Fasteignamat Eyjarfjarðarsýslu 1938–40.

Athugasemdir: Fasteignamat getur þess að mikil hætta sé af skriðuföllum úr lækjum á Miðlandi.

Númer: 12401 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Landafjall. Efstaland.

Tími: fyrir 1938

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Fasteignamat Eyjafjarðarsýslu 1938–40.

Athugasemdir: Fasteignamat getur þess að aurskriður falli á túnið í Efstalandi í stórrígingum.

Númer: 12402 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Landafjall. Efstalandskot/Steinsstaðir II.

Tími: fyrir 1938

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Fasteignamat Eyjafjarðarsýslu 1938–40.

Tjón: Skemmdir á túnnum.

Athugasemdir: Fasteignamat segir að skriður falli næstum árlega á tún og engjar á Efstalandskoti.

Númer: 10223 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Drangafjall. Nýibær.

Tími: 6.6.1938

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. 1996. Skriðuannáll 1925–1950.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Tjón: Skemmdir á túni.

Veður: Vorleysing.

Athugasemdir: Innar, undir sjálfu Drangafjalli, stóð Nýibær nokkurn veginn gegnt Staðarbakka. Þar hljóp skriða árið 1805 sem sópaði öllum jarðvegi utan af hlíðinni og bæjarhúsum niður í Hörgá. Fórust þar 5 manns auk búpenings. Eftir þetta var bærinn byggður upp aftur, en nú um 200–300 m norðar undir einu af stærsta berghlaupinu á þessum slóðum. Þar mun hafa verið búið til 1917. Árið 1938 féll skriða úr berghlaupsurðinni og umhverfis gömlu bæjarhúsin á Nýjabæ en þó ekki á þau. Þennan dag var mikil leysing og var talið að vatn og krapí hefði safnast í berghlaupsskálina, það síðan sigið fram í gegnum ruðningshólana neðan við og að lokum hleypt fram skriðunni. Þessi skriða er vel greinanleg í dag og hefur greinilega verið efnismikil og eflaust seigfljótandi.

Númer: 11641 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10031

Staðsetning: Landafjall. Miðland.

Tími: 21.6.1939

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Morgunblaðið. 23.06.1939.

H.G.P. 1996. Skriðuannáll 1925–1950.

Tíminn. 22.06.1939.

Tjón: Skemmdir á vegi.

Lýsing: Tunga: Meðalbreidd: 100 m

Athugasemdir: Hjá Miðlandi féllu 6 skriður úr giljunum rétt innan við bæinn og fóru yfir þjóðveginn (sem þá lá ofan við bæinn) á um 120 m svæði. Sumstaðar voru skriðurnar allt að metra á dýpt á veginum og innan um aurinn var stórgrýti, sem sprengja þurfti í sundur með dýnamiti. Þessar skriður áttu upptök sín í brún urðarbyngsins neðan við jökulinn í Heljarskál. Niður á láglandi bárust þær eftir giljum og lækjarfarvegum.

Númer: 10186 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Kötlu fjall neðan Hrossahjalla. Ytri-Kambhóll.

Tími: 1.6.1940

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. 1996. Skriðuannáll 1925–1950.

H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Alþýðublaðið. 10.06.1940.

Tjón: Tún skemmdust og brunnhús eyðilagðist.

Lýsing: Tunga: Meðalbreidd: 200 m

Athugasemdir: Á Kambhóli standa í dag þrjú íbúðarhús en nyrsta húsið af þeim er gamla íbúðarhúsið á Syðri-Kambhóli. Rétt norðan við Syðri-Kambhól var áður býlið Ytri-Kambhóll, en land þess tilheyrir í dag Fagraskógi. Enn sjást tóftirnar af Ytra-Kambhóli en hann fór í eyði árið 1941 í kjölfar þess að skriða féll við bæinn árið áður (þ.e. 1940). Sú féll aðfaranótt 1. júní 1940 og tók sig upp í frambrún lítillar berghlaupsdyngju sem einhvern tíman fyrir ævalöngu hefur fallið úr brún Hrossahjalla. Þessi skriða sprakk fram úr brúninni rétt innan við örið eftir skriðuna sem þarna féll árið 1873. Meginhluti skriðunnar hljóp niður yfir suðurhluta túnsins á Ytra-Kambhóli og náði suður í lækjarskorning sem er á milli Syðra- og Ytra-Kambhóls. Þessi skorningur er rétt utan við núverandi nyrsta íbúðarhús á Kambhóli. Önnur álma fór niður norðan við bæinn á Ytra-Kambhóli og náði að lækjarfarvegi sem þar er. Í heildina tók skriðan um helming túnsins á bænum, fór alveg heim að bæjarhúsum en skemmdi ekkert nema gamalt brunnhús. Síðan hljóp hún niður fyrir brekkur og nam staðar í vegskurðinum ofan við þjóðveginn. Tún og engjar urðu fyrir miklum skemmdum og töldu menn að skriðan hafi ekki verið undir 200 m á breidd á túninu. Eflaust hefur skriðufall þetta tengst miklum leysingum og asahláku.

Númer: 11709 **Tegund:** Jarðvegsskriða **Hrina:** 10032

Staðsetning: Staðarhnjúkur. Möðruvellir.

Tími: 22/23.9.1946

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.

H.G.P. 1996. Skriðuannáll 1925–1950.

Tjón: Skemmdir á túni.

Athugasemdir: Skriður féllu úr fjallinu milli Möðruvalla og Bjarga í Hörgárdal, og fór ein langt niður á Möðruvallatún og skemmdi nokkrar dagsláttur af rektuðu landi (Nunnuhólstúnið). Í dag eru örin eftir þessar skriður enn vel greinanleg í hlíðum Staðarhnjúks og greinilegt að þar hefur allur jarðvegur skafist utan af hlíðinni, alveg niður á fast.

Númer: 10204 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Hörgárdalur, framdalur, vestanv. Hafrárdalur.

Tími: fyrir 1950

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.
Árbók FÍ 1990.

Tjón: Brú eyðilagðist.

Athugasemdir: Inni í fjalllendið norðurvestur af bænum Barká gengur Hafrárdalur. Yst í mynni hans að austanverðu rennur Heimari-Lambá, en á henni var fyrrum brú sem tók af í skriðuhlaupi laust fyrir 1950.

Númer: 15926 **Tegund:** Aurskriða

Staðsetning: Hörgárdalur, framdalur, vestanv. Flögusel.

Tími: fyrir 1950

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit.

Athugasemdir: Í land Flögusels er örnefnið Laugareyri, með fram Hörgá. Þar er volgt vatn. Fyrrum rann þar volgur lækur sem um 1950 var kominn undir urðarskriður.

Númer: 10511 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10033

Staðsetning: Öxnadalshéiði

Tími: 5/6.11.1956

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Dagur. 07.11.1956.
H.G.P. 1992. Skriðuannáll 1951–1970.
Íslendingur. 09.11.1956.

Tjón: Skemmdir á vegi.

Athugasemdir: Víða féllu smáskriður á Öxnadalshéiði, vegaskurðir fylltust og aur rann fram á veginn. Í Dagdveljugili sprakk vegkanntur fram og hljóp ofan í á, en umferð tafðist þó ekki.

Númer: 10510 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10033

Staðsetning: Gloppufjall. Gloppa.

Tími: 5/6.11.1956

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Ó.J. 1957. Skriðuföll og snjóflóð.
H.G.P. 1992. Skriðuannáll 1951–1970.
Tíminn. 07.11.1956.

Tjón: Skemmdir á vegi.

Athugasemdir: Allmiklar skriður féllu á veginn hjá Gloppu og í grennd og stöðvaðist umferð um hríð. Er verið var að draga bifreið þar úr skriðu, féll önnur skriðuspýja á sama stað.

Númer: 10579 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10034

Staðsetning: Barkárdalur. Sörlatunga.

Tími: 14.6.1962

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Dagur. 20.06.1962.

H.G.P. 1992. Skriðuannáll 1951–1970.

Tjón: Skemmdir á engjum, túni og girðingum.

Athugasemdir: Fádæma vatnsveður gekk yfir Norðurland 13. til 15. júní sl. Olli það skriðuföllum og skemmdum á engjum, túni og girðingum í Sörlatungu í Hörgárdal. Fremst í Sörlatungulandi í utanverðum Barkárdal vestan ár féllu tvær skriður að kvöldi hins 14. þ. m. Urðu skriðuföll þessi úr hjalla, sem er á milli Hafrár að norðan og Féeggsstaðaár að sunnan. Hjalli þessi er ekki mjög brattur en er víða sundur skorinn af giljum og grafningum. Óvenjumikill vatnsflaumur mun hafa valdið því, að jarðvegurinn sprakk fram efst í tveimur giljum við hjallabrún. Önnur skriðan, hin stærri, tók af hagaspildu og hluta túns svo og girðingu um það, hjallamegin. Hin skriðan tók engjaspildu, góða. Auk þessa eyðilögðu skriðurnar vörslugirðinguna á tveimur köflum. Talið var að kindur hefðu farist í skriðunum.

Númer: 10591 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10035

Staðsetning: Öxnadalur vestanv. Bakkasel.

Tími: 20.10.1962

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. 1992. Skriðuannáll 1951–1970.

Tíminn. 23.10.1962.

Tjón: Lokaði vegi.

Athugasemdir: Skriða hljóp yfir veginn við Bakkasel en hún mun ekki hafa verið mjög stór, því vegurinn varð fljótlega fær.

Númer: 15930 **Tegund:** Grjóthrun

Staðsetning: Öxnadalur, ytri hl. austanv. Bægisárdalur.

Tími: um 1967

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Dagur. 10.01.1986.

Athugasemdir: Úr viðtali við Jóhann Sigurjónsson, menntaskólakennara á Akureyri: en þegar ég var þarna uppi á Bægisárdal (1967–1968) var það einhvern tíma að Helgi (Björnsson, jöklafræðingur) hafði farið suður að erinda fyrir okkur og ég var því einn á jöklinum í rúma viku. Ég leggst fyrir einu sinn enn og þá heyrir ég heilmiklar drunur og læti úti og allt í einu kemur stærðarbjarg fljúgandi rétt niður með tjöldunum, langt ofan úr klettum. Þetta var svona frekar óeðlilegt að það væri þarna grjóthrun á þessum tíma, en rétt hugsanlegt að þarna hafi næturfrost sprengt þennan stein lausan."

Númer: 10671 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10036

Staðsetning: Öxnadalshéiði

Tími: 30.8.1968

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Morgunblaðið. 31.08.1968.

H.G.P. 1992. Skriðuannáll 1951–1970.

Tjón: Skemmdir á vegi.

Athugasemdir: Skriða á veginn á Öxnadalshéiði.

Númer: 15368 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10037

Staðsetning: Flöguháls. Flaga.

Tími: 7/8.1.1973

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: Dagur. 10.01.1973.

Tjón: Lokaði vegi.

Athugasemdir: Skriða féll hjá Flögu í Hörgárdal og yfir veginn svo hann varð ófær um nokkurn tíma.

Númer: 10897 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10038

Staðsetning: Myrkárfjall. Myrkárdalur.

Tími: 25.10.1985

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. 1991. Skriðuannáll 1971–1990.

Munnlegar heimildir. Bjarni Guðleifsson, náttúrufræðingur Möðruvöllum, 1990.

Athugasemdir: Margar skriður féllu frammi í Hörgárdal, sérstaklega Myrkárdal, en þar féllu 10–20 stk.

Númer: 10898 **Tegund:** Aurskriða **Hrina:** 10038

Staðsetning: Barkárdalur. Sörlatunga.

Tími: 25.10.1985

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. 1991. Skriðuannáll 1971–1990.

Munnlegar heimildir. Bjarni Guðleifsson, náttúrufræðingur Möðruvöllum, 1990.

Athugasemdir: Skriða féll í mynni Barkárdals, rétt framan við Sörlatungu.

Númer: 10238 **Tegund:** Jarðvegsskriða

Staðsetning: Bakkaháls. Bakki/Þórðargerði.

Tími: 1987

Skráning: Útlína: Óviss

Heimildir: H.G.P. og H.B.J. 2001. Forn skriðuföll á Norðurlandi.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2008. Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi.

Byggðir Eyjafjarðar 1990.

Tjón: Skriða féll á rústir fornbylis og eyddi þeim.

